



kjarninn

25. útgáfa – 6. febrúar 2014 – vika 6



VIÐ BORGUM

Nýr bankaskattur fjármagnar skuldaniðurfellingar. Stóru bankarnir greiða 8,5 milljarða króna en ekki með eigin fé. Almennigur borgar með hærri vöxtum.



PIP-brjóstapúðamáli
gegn Jens Kjartanssyni
vísað frá dómi



Díma Litvinov var
umhverfisfangi í
ríki Pútíns




Dóri DNA skrifar
um lyktina af fasisma
tíðarandans



DÓMSMÁL

Skattakóngurinn Þorsteinn Hjaltested virðist vera búinn að tapa nánast öllu fé sínu



TOPP 5

Afleikir Vodafone á undanfögnu ári



SJÖ SPURNINGAR

Liv hjá Nova langar í iPhone með stærri skjá

Dramatískir tímar í Kristjánsborg

Atburðir í kringum sölu danska ríkisins í orkufyrirtækinu DONG líkjast dramatískum sjónvarpsþætti.

Ertu fórnarlamb ofbeldis... á pólsku

Stefán Eiríksson skrifar um baráttuna gegn heimilisofbeldi og möguleikana til að stöðva það.

Hópur á Helgafelli

Páll Ásgeir Ásgeirsson skrifar og sýnir frá fjallaklifri á sunnudegi.

Aðalatriði Super Bowl

Kjarninn tekur saman fimm flottustu auglýsingarnar sem sýndar voru meðan á leiknum stóð.

BMW X3

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



SMELTU HÉR
TIL AÐ SKOÐA BMW X3



Spila mynd



Spila mynd



Spila mynd



Spila mynd



Spila mynd

Í LEIT AÐ ÆVINTÝRUM ALLA DAGA.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

BMW X3 - 5,6L/100 KM
VERÐ FRÁ 7.490 ÞÚS.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



*Móðað við uppgæfnar eyðisútdrúf framleiðanda um akstur í blönduðum akstri



BL Sævarhófa 2, sími 525 8000



LEIÐARI

Þórður Snær
Júlíusson

kjarninn 6. febrúar 2014

Þegar partíið er búið: Taka tvö

Þórður Snær Júlíusson skrifar um hina alltumlykjandi lífeyrissjóði
og hvað verður um þá þegar höftin lyftast

Mikið hefur verið rætt um það að undanfögnu hvað lífeyrissjóðir landsins eru orðnir umsvifamiklir í íslensku viðskiptalífi. Þeir búa enda við þær aðstæður að þurfa að koma tíu til tólf milljörðum króna á mánuði, af fé sem við erum skikkuð með lögum til að greiða til þeirra, í ávöxtun. Þeir eiga stóran hluta íbúðaskulda þjóðarinnar, eru langstærstu eigendur flestra skuldabréfaútgáfna sem hægt er að kaupa á Íslandi og, samkvæmt forsiðu Fréttablaðsins í gær, eiga auk þess að minnsta kosti 37,44 prósent hlutafjár íslenskra félaga sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Líklegast eiga þeir miklu meira en það. Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, sagði í viðtali við Kjarnann 17. október síðastliðinn að lífeyrissjóðirnir ættu allt að helming skráðra hlutabréfa hérlandis, annaðhvort beint eða óbeint í gegnum hlutdeild í ýmsum sjóðum.

Stærstir í öllu

Fyrir utan lífeyrissjóðina eru stærstu eigendur fyrirtækja á Íslandi sjóðir í eigu fyrirtækja eins og Stefnis (sem Arion banki á), Landsbréfa (sem Landsbankinn á), Íslandssjóða (í eigu Íslandsbanka), Júpiter, Virðingar, GAMMA, MP banka og ýmissa safnreikninga. Og stærstu eigendur hlutdeildarskírteina í þessum sjóðum eru... íslenskir lífeyrissjóðir.

„...erfiðleikastuðullinn fyrir venjulegt launafólk að kaupa eða leigja á því svæði er orðinn hærri en fyrir það að Gunnari Braga Sveinssyni snúist hugur um aðild að Evrópusambandinu.“

Þá eiga lífeyrissjóðirnir stóra hluti í risastórum óskráðum fyrirtækjum, annaðhvort beint eða í gegnum fjárfestingarsjóði, á borð við Klakka (eiganda VÍS og Lýsingar), Skipti (eiganda Símans), Sjóvá, MP banka, Virðingu og Skeljung. Svo má vitanlega ekki gleyma Framtakssjóði Íslands, sem er að langstærstu leyti í eigu lífeyrissjóða. Sá sjóður á stóra hluti í N1, Promens og Advania og allt hlutafé í Icelandic Group.

Til viðbótar fjárfesta lífeyrissjóðirnir á fullu í alls kyns fasteignaverkefnum í gegnum sjóði sem aðrir reka. Fyrir utan atvinnuhúsnæðið sem búið er að pranga upp á lífeyrissjóðina eru þeir líka stórir í hinum alræmdu sjóðum GAMMA, en Kjarninn

greindi frá því í síðustu viku að þeir hefðu keypt 350 íbúðir miðsvæðis í Reykjavík. Þau uppkaup hafa valdið, að margra mati, því að erfiðleikastuðullinn fyrir venjulegt launafólk að kaupa eða leigja á því svæði er orðinn hærri en fyrir það að Gunnari Braga Sveinssyni snúist hugur um aðild að Evrópusambandinu. Það má því vel færa rök fyrir því að lífeyrissjóðirnir séu að stuðla að ástandi sem sé andstætt hagsmunum skjólstæðinga þeirra.

Auk þess blasir við að ef endurreistu bankarnir þrír verða einhvern tímann seldir á innanlandsmarkaði munu lífeyrissjóðirnir skófla upp þá eignarhluta.

Alltumlykjandi

Það er því eiginlega hjákátlegt að hlusta á þá sem segja að lífeyrissjóðirnir séu ekki orðnir of stórir eigendur alls hér á Íslandi. Þeir eiga þegar flest skuldabréf, hlutabréf og gomu af alls kyns fasteignum. Og þurfa að kaupa nánast allt sem boðið er upp á til að seðja þörf sína fyrir því að koma peningunum okkar í vinnu svo þeir geti staðið við vilyrðið um áhyggjulaust ævikvöld.

„**Samhliða mun loftið seytla úr bólunum sem höftin hafa skapað. Lífeyrissjóðirnir okkar verða þá aftur einir eftir í partíi sem er löngu búið.**“

En það er full ástæða til að hafa áhyggjur. Þessi gríðarlega fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna innan hafta hefur nefnilega valdið því að hér myndast verðbólur. Mörg félög í kauphöllinni eru allt of hátt skráð einfaldlega vegna þess að vitað er að lífeyrissjóðir, eða fjárfestingarsjóðir fullir af peningunum þeirra, geta illa selt þau bréf sem þeir eiga. Það er ekkert annað til að kaupa. Þetta vita aðrir fjárfestar, einkaaðilar sem fengu margir hverjir innstæður sínar tryggðar í botn með neyðarlögnum eða fluttu heim ágóðan sem þeir náðu að hirða út úr íslenska efnahagsundrinu áður en það rann á andlitið og druknaði í drullupolli í október 2008. Þetta eru, í mörgum tilfellum, þeir sem skópu skrímslið og högnuðust gríðarlega á vegferð þess. Þeir „teika“ lífeyrissjóðina í fjárfestingum þeirra vegna þess að þeir vita að ekkert sem sjóðirnir kaupa mun nokkurn tímann falla á meðan höftin hanga uppi. Á þessu græða margir einstaklingar óheyrilega.

Loftið seytlar út

En aðaláhyggjuefnið er hvað gerist þegar höftunum verður lyft. Í úttekkt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um stöðu efnahagsmála á Íslandi, sem kynnt var í ágúst síðastliðnum, var lagt mat á hversu mikið af peningum Íslendinga myndi leita í erlendar fjárfestingar ef slíkt gerðist. Samkvæmt útreikningum sjóðsins gæti sú upphæð verið á bilinu 600 til 3.000 milljarðar króna.

Með öðrum orðum telur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að gríðarlega margir muni flýja íslenskt efnahagslíf strax og þeir geta. Selja eignir sínar og koma ágóðanum í öruggt skjól stöðugri gjaldmiðla. Þetta munu íslensku lífeyrissjóðirnir ekki geta gert. Þeir munu ekki geta elt „teikarana“.

Þegar höftin verða afnumin munu nefnilega svokallaðar hraðahindranir verða settar á íslensku lífeyrissjóðina. Það þýðir í raun að aðrir geta farið með sína peninga út úr íslenska efnahagsundrinu en lífeyrissjóðirnir verða skikkaðir til að vera áfram innan þeirra. Þetta hefur Már Guðmundsson seðlabankastjóri látið hafa eftir sér að standi til.

Samhliða mun loftið seytla úr bólunum sem höftin hafa skapað. Lífeyrissjóðirnir okkar verða þá aftur einir eftir í partíi sem er löngu búið. Með timburmenn vegna þess að þeir kusu að bjóða öllu gamla genginu með heimabruggið sitt aftur í gleðina þrátt fyrir að það hafi brennt þorrann af innbúinu og flúið tiltektina eftir síðasta túr. Líkt og þá munu lífeyrissjóðirnir sitja uppi með reikninginn fyrir skemmdunum. Og lífeyrissjóðirnir, það erum við.

PIP-brjóstapúða- máli vísað frá dómi

Máli á hendur Jens Kjartanssyni lýtalækni vegna PIP-brjóstapúða var vísað frá dómi. Dreifingaraðilar voru sýknaðir. Málatilbúnaði stefnanda áfátt.

PIP

555cc

70906

107



Hátt í fimm hundruð konur hérlandis fengu grædda í sig brjóstapúða frá franska fyrirtækinu Poly Implant Prothese (PIP) á árunum 2000-2010. Mikill ótti greip um sig á meðal þeirra í desember 2011 þegar fréttir bárust af því að fyrirtækið hefði hætt að nota vottað sílikon í púðana árið 2000 og hafið þess í stað að nýta iðnaðarsílikon, sem meðal annars er ætlað til húsgagnaframleiðslu, í brjóstapúðanna.

Auk þessa voru PIP-púðarnir mun líklegri til að rofna en aðrir púðar, og í fyrstu var talið að sílíkoníð í púðunum gæti valdið konum heilsutjóni, jafnvel orsakað krabbamein. Púðarnir voru teknir af markaði árið 2010 eftir að upp komst um hneykslið.

Í janúar 2012 greindu fjölmiðlar frá því að stór hópur kvenna væri að íhuga málsókn á hendur íslenska ríkinu fyrir að bregðast eftirlitsskyldu sinni og Jens Kjartanssyni lýtalækni. Jens er nánast eini lýtalæknirinn hérlandis sem notaðist við PIP-brjóstapúða, en hann hætti að nota púðana í mars 2011. Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um PIP-púðana óskaði Jens eftir leyfi frá störfum á Landspítalanum.

Dómsmál höfðað

Ekkert varð af boðaðri hóp málsókn. Hins vegar höfðaði ein kona mál á hendur Jens persónulega, tveimur dreifingaradílum brjóstapúðanna og Tryggingamiðstöðinni til réttargæslu. Stefna málsins var birt 3. október 2012, en Jens græddi í konuna brjóstapúða frá PIP árið 2002.

Aðalmeðferð málsins fór fram 8. nóvember síðastliðinn, en þinghaldið var lokað að beiðni lögmanns konunnar, Sögu Ýrr Jónsdóttur héraðsdómslögmanns hjá Vox lögmannsstofu. Krafa konunnar var að viðurkennd yrði fyrir dómi skaðabótaskylda stefndu vegna líkamstjóns af völdum rofins PIP-brjóstapúða. Kjarninn hefur dóm málsins undir höndum.

Eftir töluverð óþægindi í holhönd leitaði konan í marsmánuði árið 2011 til læknis, sem sendi hana í ómskoðun hjá Krabbameinsfélaginu. Þar kom í ljós að brjóstapúðar hennar

voru rofnir og sílíkon farið að leka. Nokkrum dögum síðar leitaði konan aftur til læknis, en þá var hún komin með útbrot sem læknirinn mat sem ofnæmisviðbrögð og gaf henni lyf. Degi síðar leitaði konan aftur til læknis með aukin ofnæmisviðbrögð. Konan var þá með öndunarerfiðleika og var send á Landspítalann, þar sem hún lá í fjóra daga og fékk stera og sýklalyf í að. Konan þurfti að notast við lyfin í fjórtán daga. Jens fjarlægði brjóstapúðana úr konunni í apríl 2011. Þá var hún komin með bólгна eitla sem voru orðnir fullir af sílíconi.

Eftir aðgerðina var konan frá vinnu í viku. Um mánaðamótin júní/júlí fann konan að bólgnu eitlarnir voru enn til staðar. Konan segir að Jens hafi ráðlagt henni að nota áfram bólgueyðandi lyf vegna þeirra og þeir myndu jafna sig með tímanum. Hún gekkst svo undir aðra aðgerð 18. maí þar sem sílíkon var fjarlægt úr henni og sömuleiðis átta eitlar sem voru fullir af sílíconi.

Konan taldi sig hafa orðið fyrir miklu tjóni, bæði líkamlegu og andlegu, ásamt því að hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vinnutaps og útlagðs kostnaðar. Hún lagði þó engar matsgerðir dómkvaddra sérfræðinga fram máli sínu til stuðnings við dómi.

Lögmaður stefnanda

Saga Ýrr Jónsdóttir lögmaður hjá Vox lögmannstofu vildi ekkert tjá sig um dómniðurstöðuna þegar Kjarninn hafði samband við hana.



Málsástæður konunnar

Helstu málsástæður konunnar fyrir dómi voru þær að stefndu bæri sameiginlega ábyrgð á tjóni hennar vegna PIP-brjóstapúðanna. Hægt hafi verið að koma í veg fyrir tjón hennar, hefðu þeir sinnt skyldum sínum um aðgæslu, öryggi og varkárni. Þá hefðu stefndu einnig getað takmarkað tjón hennar með því að gera henni viðvart um galla brjóstapúðanna fyrir.

Þá hefði Jens enn fremur getað takmarkað tjón konunnar með því að fjarlægja allt sílíkon sem lekið hafði úr brjóstapúðunum og eitla sem voru fullir af sílíkoni.

„Í kjölfar fjölmiðla-
umfjöllunar um PIP-púðana
óskaði Jens eftir leyfi frá
störfum á Landspítalanum.“

Auk þess reisti konan kröfu sína á hendur innflutnings-, sölu- og dreifingaraðila púðanna meðal annars á ákvæðum laga um skaðsemis-ábyrgð. Þar væri kveðið á um skaðabótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila á tjóni sem hlytist af gallaðri vöru sem þeir hefðu framleitt eða dreift. Bótareglur löggjafarinnar byggðu á ábyrgð án sakar, þannig að stefnandi þyrfti ekki að sýna fram á að stefndu hefðu vitað að vara væri gölluð til þess að þau bæru ábyrgð og væru þar af leiðandi bótaskyld. Það eina sem þyrfti að sýna fram á væri að ágallar væru á vörunni í lagalegum skilningi, sem fullyrft var að væru óumdeildir í ljósi afleiðinga hennar á heilsufar konunnar.

Vottaðir brjóstapúðar vörn Jens

Lögmaður Jens, Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, vísaði í lög um lækningatæki fyrir dómi og benti á að umræddir brjóstapúðar frá PIP hefðu borið gæðavottunarmerkið CE-Communauté Europe. Ekki hefði verið ástæða fyrir Jens að ætla annað en að púðarnir væru framleiddir í samræmi vottunina. Þar að auki hefðu íslensk stjórnvöld ekki mátt hindra með nokkrum hætti að púðarnir væru settir á markað hér og notaðir við brjóstastækkanir.

Fyrirtækið sem veitti PIP-púðunum gæðavottunina á sínum tíma er þýskt og heitir TUV Rheinland. Dreifingaraðilar

PIP-púðanna víða um heim krefja fyrirtækið um háar upp-
hæðir í skaðabætur.

Þá var rökum um skaðsemissábyrgð vísað á bug. Hún ætti ekki við um ábyrgð á lækningatækjum, sem strangar reglur gilda um framleiðslu á og skýrar reglur um ábyrgð, og því tjóni sem af þeim kynni að hljótask. Þá hefði ekki verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að konum með brjóstafyllingar væri hættara en öðrum konum við ákveðnum sjúkdómum,

til dæmis brjóstakrabbameini, og gilti þá einu hvort púðarnir kæmu frá PIP eða öðrum framleiðendum.



Mótmælti Landlækni

Jens Kjartansson lýtalæknir hefur ávallt neitað því að Landlæknir hafi beðið hann um að hafa samband við konur með PIP-brjóstapúða eftir að grunsemdir franskra yfirvalda vöknudu um gæði púðanna árið 2010.

Stjórnvöld héldu að sér höndum

Í málflutningi Sigurðar G. Guðjónssonar kom fram að skjólstæðingur hans hefði vitað á sama tíma og stjórnvöld hér á landi að PIP-brjóstapúðarnir væru svikin vara. Stjórnvöld hérlandis, sem áttu að hafa eftirlit með innflutningi lækningatækja, hefðu haldið að sér höndum þegar tilkynning hefði

borist frá frönskum eftirlitsyfirvöldum lækningatækja í byrjun apríl 2010, um að svipta ætti púðana CE-merkingunni. Jens hefði ekkert heyrt frá Landlæknisembættinu, Lyfjastofnun eða velferðarráðuneytinu, en hann hefði hætt að nota PIP-púðana árið 2010. Þá hefði Landlæknir ekki sent frá sér fréttatilkynningu vegna málsins fyrr en í janúar 2012, þegar fjölmiðlaumfjöllun um PIP-hneykslið var í algleymingi. Þar hefði ranglega verið haldið fram Landlæknir hefði 18. nóvember 2010 beint þeim tilmælum til Jens um að hann hefði samband við konur með PIP-púða á Íslandi. Ekkert slíkt hefði verið ákveðið, enda ekki talið rétt að vekja ugg í brjóstum kvenna hér á landi.

Lögmaður Jens benti einnig á það fyrir dómi að það hefði engu breytt fyrir konuna heilsufarslega hvort hún hefði fengið vitneskju um ágalla PIP-púðanna fyrr en síðar, þar sem hið svikna sílíkon í púðunum hefði reynst skaðlaust með öllu.

Þá mótmælti lögmaður Jens því sem ósönnuðu að líkamlegir og andlegar kvillar konunnar yrðu raktir til þess að hún hefði verið með PIP-brjóstapúða og því var hafnað að hún hefði orðið fyrir tjóni sökum þess að hún hefði ekki fengið að vita af göllum púðanna frá fyrirtækinu á sama tíma og heilbrigðisfyrirvöld.

Frávísun, sönnunarskortur og sýkna

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að vísa bæri frá öllum kröfum á hendur Jens Kjartanssyni. Kröfunni á hendur Jens var vísað frá dómi með vísan til laga um sjúklingatryggingu. Stefnanda, og þar með lögmanni hennar, bar að halda uppi kröfum á hendur tryggingafélagi Jens áður en hann yrði krafinn persónulega um bætur. Engi skipti þótt um viðurkenningarmál hefði verið að ræða. Stefnan var því haldin ágalla hvað þetta varðaði að mati héraðsdóms.

Eins og áður sagði byggði lögmaður konunnar kröfu um bótaskyldu á hendur dreifingaraðilum á lögum um skaðsemisábyrgð, eins og rakið var hér á undan. Jens og lögmaður hans töldu hins vegar að lög um lækningatæki ættu frekar við. Í dómi héraðsdóms kemur fram að í lögum um lækningatæki sé hvergi fjallað um skaðabótaábyrgð, verði einhver fyrir tjóni af völdum ágalla á þeim. Þá geti lögin ekki talist sérlæg andspænis lögum um skaðsemisábyrgð með þeim afleiðingum að þau gangi framar síðarnefndu lögnum. Beita skuli lögum um skaðsemisábyrgð ef um líkamstjón, sem hljótist af gölluðum lækningatækjum, sé að ræða.

Þá segir í niðurlagi dómsins að óumdeilt sé að hluti brjóstafyllinga rofni, þó að roftíðni þeirra sé mismunandi eftir tegundum. Svo virðist sem framleiðandi PIP-púðanna hafi á einhverjum tímapunkti farið að notast við annað sílíkon en áður og þetta efni hafi ekki verið sams konar sílíkonefni og CE-vottun framleiðslunnar var reist á. Þó að rannsóknir gefi til kynna að púðarnir með þessu efni leki í meiri mæli en aðrir brjóstapúðar liggi ekki fyrir óyggjanlegar upplýsingar um hvenær framleiðslunni hafi verið

breytt og ekki heldur hvort PIP-brjóstapúðar með vottuðu sílíkonefni leki meira en almennt geti talist.

Þá taldi dómurinn að ekkert hefði legið fyrir um það hvenær brjóstafyllingar stefndu hefðu verið framleiddar og því ósannað hvort sílíkonefnið í þeim hefði verið sílíkonefni sem ekki samrýmdist CE-vottun þeirra og gæti því aukið hættuna á leka. Dómurinn taldi að stefnandi yrði að bera hallann af þessum sönnunarskorti og því voru dreifingar aðilar sýknaðir.

Af lestri dómsins er erfitt að ráða annað en að mála-tilbúnaði stefnanda hafi verið ábótavant, þannig að það varðaði frávísun málsins á hendur Jens Kjartanssyni. Auk þess voru ekki lögð fram nægileg sönnunargögn, svo sem matsgerðir dómkvaddra manna eða annað, til að styðja kröfur á hendur dreifingaraðilunum.

Hvorki Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður hinna stefndu, né Saga Ýrr Jónsdóttir, lögmaður stefnanda, vildu tjá sig um dómsniðurstöðuna við Kjarnann þegar eftir því var leitað. Þá vildi Saga hvorki neita eða játa því hvort dómsniðurstöðunni yrði áfrýjað, en hún hefur sagt í fjölmiðlum að hún hafi fleiri mál er varða PIP-brjóstapúðamálið fyrir hóp kvenna í undirbúningi.

ÞETTA ER MÁLIÐ 2014



Kaffimál og áfylling
allt árið
aðeins **2.490 kr.**

Þú getur rennt við á hvaða Olís-stöð sem er
og fengið ábót á kaffið – allt árið 2014.




Vinur við veginn

Heimilin borga bankaskattinn

Bankaskattur sem greiðir fyrir skuldaniðurfellingar mun leiða af sér hærri útlánsvexti og lægri innlánsvexti





Þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks tók við stjórnartaumunum var hún með stór loforð sem hún þurfti að uppfylla til að réttlæta tilveru sína. Tvö þeirra, að ná jöfnuði í ríkisfjármálum með hallalausum fjárlögum og skuldaniðurfellingar handa hluta þeirra sem eru með verðtryggð húsnæðislán, yrðu alltaf kostnaðarsöm. Ríkið þyrfti að auka tekjur sínar umtalsvert til að geta staðið undir þeim.

Þegar fjárlög fyrir árið 2014 voru kynnt í október kom í ljós hvernig stoppað yrði að mestu upp í fjárlagagatið. Gjald á bankastarfsemi, oft nefnt sérstakur bankaskattur, átti að skila 14,3 milljörðum króna. Árið 2013 var skatturinn 1,1 milljarður króna. Þessi skarpa hækkun átti að nást fram með því láta skattinn ná til þrotabúa föllnu bankanna líka og hækka hann um leið umtalsvert.

„Þessi stórkostlega skattlagning sem felst í hinum sérstaka bankaskatti felur í sér mikla kostnaðaraukningu fyrir bankann og mun á endanum hafa áhrif á þau kjör sem við getum boðið okkar viðskiptavinum. Hjá því verður einfaldlega ekki komist.“

Þegar tillögur ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingar á völdum verðtryggðum íbúðalánum voru kynntar í lok nóvember kom í ljós að ríkissjóður myndi einnig fjármagna þær. Það yrði gert með því að hækka bankaskattinn, sem leggst á skuldir, enn frekar. Á endanum var hann raunar hækkaður úr 0,041 prósentu skulda fjármálafyrirtækja í 0,376 prósent. Þessi hækkun, sem var afgreidd á Alþingi í desember, skilar því að skatturinn verður 38,5 milljarðar

króna á næsta ári samkvæmt fjárlögum.

Skattlagningin lítur mjög vel út á pappír. Í henni felst að láta fjármálakerfi sem valdið hefur gríðarlegum skaða hérlandis greiða fyrir þessi fokdýru forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Þegar kafað er dýpra í hana kemur þó fljótlega í ljós að bankakerfi sem starfar á fákeppnismarkaði innan gjaldeyrishafta með ríkisábyrgð er í mjög góðri aðstöðu til að velta hluta þess kostnaðar sem á það fellur yfir á viðskiptavinum sína.

EITT ÁR AF FJÓRUM

Skuldaniðurfellingartillögur ríkisstjórnarinnar eiga að koma til framkvæmda á fjórum árum. Samtals er áætlað að þær kosti um 80 milljarða króna. Gangi það eftir þarf ríkið að ná sér í 60 milljarða króna á árinum 2015 til 2017 með sérstaka bankaskattinum til að standa undir því loforði. Þrotabú bæði Glitnis og Kaupþings eru, mjög sýnilega, að leita leiða til að ljúka nauðasamningum og þar með slita-meðferð búa sinna. Því er alls óljóst hversu lengi

bankaskatturinn, sem settur var á til að fjármagna þessar aðgerðir, getur skilað jafn umfangsmiklum tekjum í ríkissjóð úr þrotabúunum eins og niðurfellingartillögurnar gerðu ráð fyrir.

Raunar er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar að slitum þrotabúanna verði lokið í árslok 2015. Því stendur eftir spurning um hvernig eigi að fjármagna aðgerðina síðustu tvö árin hið minnsta.

Þrotabúin greiða mest... kannski

Stór hluti bankaskattsins verður greiddur af þrotabúum föllnu bankanna. Miðað við síðustu birtu fjárhagsupplýsingar þeirra munu þrotabú Glitnis, Kaupþings og Landsbankans greiða um 30 milljarða króna í skattinn á þessu ári.

Þrotabúin ætla hins vegar ekki að una skattlagningunni. Á hana mun reyna fyrir dómstólum. Það ferli mun fara af stað strax og skatturinn verður rukkaður, sem hefur enn ekki gerst. Þá kemur tvennt til greina hjá slitastjórnnum föllnu bankanna: annaðhvort að neita að greiða skattinn og láta ríkið fara í mál við sig til að fá hann greiddan eða greiða hann með fyrirvara um lögmæti hans.

Líklegast verður seinni kosturinn valinn í flestum tilfellum. Slitastjórnirnar hætta ekki á að styggja ríkisstjórnina með því að neita að borga, og setja þar með fjárlög og stærsta kosningaloforð hennar í uppnám, þegar ekki hefur enn samist um hvernig nauðsamningum þeirra verður háttað.

8,5 milljarðar greiddir af öðrum

Þetta þýðir að um 8,5 milljarðar króna verða greiddir af öðrum. Þessir aðrir eru nánast einvörðungu nýju bankarnir sem stofnaðir voru á rústum hinna föllnu: Íslandsbanki, Arion banki og nýi Landsbankinn.



Skuldaniðurfelling

Þegar niðurfellingartillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar kom fram að þær myndu kosta um 80 milljarða króna á fjórum árum. Ríkissjóður myndi borga þær með því að hækka bankaskattinn og útdeila peningum í kjölfarið.



Arion banki

Upplýsingafulltrúi bankans segir ljóst að „þessi stórkostlega skattlagning sem felst í hinum sérstaka bankaskatti felur í sér mikla kostnaðaraukningu fyrir bankann og mun á endanum hafa áhrif á þau kjör sem við getum boðið okkar viðskiptavinum. Hjá því verður einfaldlega ekki komist.“

Og þeir hafa vel efni á því að greiða þennan skatt, enda troðfullir af peningum eftir gríðarlega mikinn hagnað á síðustu árum. Sá hagnaður stafar reyndar ekki nema að örlitlu leyti af undirliggjandi bankastarfsemi. Hann er helst fólginnt í aukningu á virði eigna sem bankarnir þrír fengu í arf frá fyrirrennrum sínum.

Samkvæmt níu mánaða uppgjörum er eigið fé, mismunur á virði eigna og skulda, hjá Íslandsbanka 159,7 milljarðar króna. Bankinn þyrfti því að greiða 1,6 prósent af eigin fé sínu til að staðgreiða bankaskattinn. Arion banki á 140,9 milljarða króna í eigin fé og þyrfti að láta um tvö prósent þess. Landsbankinn á síðan mest eigið fé allra, 234,7 milljarða króna, og þyrfti einungis að borga um 1,3 prósent þess til að gera upp bankaskattinn.

Af svörum fulltrúa bankanna við fyrirspurn Kjarnans um bankaskattinn er þó ekki að sjá að annað standi til en að velta kostnaði vegna hans, að minnsta kosti að hluta, yfir á viðskiptavinum þeirra.

FLESTIR BÚAST VIÐ AÐ SKULDANIÐURFELLINGAR VALDI VERÐBÓLGU

Þegar skuldaniðurfellingartillögur voru kynntar í lok nóvember var samhlíða kynnt spá Analytica sem unnin var fyrir sérfræðihópinn. Í henni var því haldið fram að þjóðhagsleg áhrif tillagnanna yrðu jákvæð og að þær myndu nánast engin áhrif hafa á verðbólgu.

Í kjölfarið fylgdu greiningar frá fjölmörgum aðilum, innlendum sem erlendum. Þeir voru flestir

á þeirri skoðun að verðbólguáhrifin væru stórlega vanmetin, sérstaklega vegna þess að þau heimili sem myndu njóta niðurfellingarinnar séu ekki eins aðþrengd og af hefði verið látið. Á meðal þeirra sem lýstu þessari skoðun sinni voru greiningardeild Arion banka, IFS greining, Hagsjá Landsbankans, Seðlabanki Íslands, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og matsfyrirtækið Moody's.

Ekki ósennilegt að vaxtamunur verði aukinn síðar

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir að bankaskatturinn sem muni leggjast á Landsbankann fari úr um 400 milljónum króna í rúmlega þrjá milljarða króna eftir hækkunina sem varð í fyrra. Eigandi Lands-



bankans er íslenska ríkið, og þar með skattgreiðendur. Kristján segir að bankinn hafi ekki tekið neinar ákvarðanir enn um að auka vaxtamun, sem þýðir annaðhvort lægri vexti á innlán eða hærri vexti á útlán, vegna bankaskattsins. „Hins vegar er það einfaldlega þannig að hækkun hans gagnvart okkur nemur tveimur milljörðum króna. Það jafngildir allri þeirri rekstrarhagræðingu sem við höfum náð fram á árinu 2013

Á mikið eigið fé

Landsbankinn á 234,7 milljarða króna í eigið fé. Hann þyrfti einungis að borga um 1,3 prósent þess til að gera upp bankaskattinn.

með gríðarlegu aðhaldi. Lækkun raunkostnaðar er um tveir milljarðar króna, sem samsvarar tíu prósentum af rekstrar-kostnaði. Allur sá sparnaður fer því í að greiða skattinn.“

Kristján segir að til að ná viðunandi arðsemi þurfi því annaðhvort að auka tekjur eða lækka kostnað. „Ef kostnaðar-lækkunin fer öll í skatt er ekki ósennilegt að við munum þurfa að auka vaxtamun síðar.“

Mun hafa áhrif á þau kjör sem bjóðast

Arion banki borgaði 322 milljónir króna í bankaskatt í fyrra. Bankinn áætlar að hann þurfi að borga um 2,9 milljarða króna í hann árið 2014. Arion banki hefur þegar ráðist í hækkanir á útlánavöxtum í þessum mánuði, þegar bankinn hækkaði vexti á íbúðalánum. Slík lán eru yfirleitt stærsta fjárhagslega skuldbinding sem venjulegur Íslendingur gengst undir.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, segir ekki hægt að segja að þessar tilteknu vaxtahækkanir

eigi rætur sínar að rekja til sérstaka bankaskattsins. „Rætur þeirra liggja annars staðar. Hins vegar er ljóst að þessi stórkostlega skattlagning sem felst í hinum sérstaka bankaskatti felur í sér mikla kostnaðaraukningu fyrir bankann og mun á endanum hafa áhrif á þau kjör sem við getum boðið okkar viðskiptavinum. Hjá því verður einfaldlega ekki komist.“

Íslandsbanki þarf að greiða um 2,6 milljarða króna í hinn nýja bankaskatt miðað við hver skuldastaða bankans var í lok september síðastliðins. Það er yfir tveggja milljarða króna aukning frá því sem bankinn greiddi í fyrra.

Íslandsbanki hefur þegar tilkynnt að hann muni lækka innlánsvexti á nokkrum reikningum hinn 21. febrúar næstkomandi. Breytingarnar eru á bilinu 0,05 til 0,1 prósent á óverðtryggðum sparireikningum og 0,2 prósent á tékkareikningum. Viðskiptavinir bankans munu því ávaxta það fé sem þeir geyma hjá honum verr en áður.

Dögg Hjaltalín, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir að bankinn sé ekki að bregðast við yfirvofandi skattlagningu á bankana með vaxtabreytingunum.

Almenningur borgar

Það virðist því ljóst að kostnaði nýju bankanna vegna bankaskattsins verður, að minnsta kosti að hluta, velt yfir á almenning, sem mun þurfa að borga hærri vaxtagreiðslur

af lánum sínum og fá minni ávöxtun af innlánum sínum. Almenningur er auk þess hluteigandi í tveimur af þessum bönkum, Íslandsbanka og Arion banka, og á Landsbankann nánast að fullu. Svo á auðvitað eftir að koma í ljós hvort það stenst lög að rukka þrotabú gömlu bankanna um þessa skatta.

FRÍSKULDAMARK MP BANKA OG MINNI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Ekki þurfa öll fjármálafyrirtæki að borga hinn sérstaka bankaskatt. Íbúðalánasjóður, sem er rekinn í samkeppni við hina bankana á fasteignalánamarkaði, er til að mynda undanskilinn. Auk þess fór það líkast til ekki framhjá mörgum að sérstakt frískuldamark upp á 50 milljarða króna var sett inn í löginn nokkrum dögum fyrir lok síðasta þings án þess að nein grunnvinna, útreikningar né beiðni um slíkt lægi fyrir. Raunar er enn á reiki hvernig og af hverju sú ákvörðun var tekin, enda kváðu þau álit sem send voru inn til efnahags- og viðskiptanefndar við meðferð málsins einungis á um þriggja og sjö milljarða króna frískuldamark.

En frískuldamarkið gerir það að verkum að MP banki, fjórði stærsti viðskiptabanki landsins, þarf einungis að borga nokkra tugi milljóna króna í bankaskatt og önnur fjármálafyrirtæki, meðal annars fjárfestingarbankar, kreditkortafyrirtæki og sparisjóðir, eru undanþegnir honum með öllu.

TOPP 5

Afleikir Vodafone á undanförunu ári

Það var full ástæða fyrir stjórnendur og eigendur Vodafone að horfa bjartsýnum augum á árið 2013. Félagið hafði gengið í gegnum mikla fjárhagslega endurskipulagningu eftir bankahrunið og var mjög vel í stakk búið til að keppa við samkeppnisaðila sína. Auk þess hafði það verið skráð á markað í desember 2012 og var þar með eitt íslenskra fjarskiptafyrirtækja sem hafði stigið það skref. En fljótlega fór að halla undan fæti og hvert almannatengslaslysið fylgdi á fætur öðru. Sú þróun hefur haldið áfram inn í árið 2014. Þórður Snær Júlíusson tók saman fimm vöndar aðstæður sem Vodafone hefur annaðhvort „lent í“ eða skapað sér sjálft á síðasta tæpa árinu. **PSJ**



5 Dýr árshátíð

Þegar niðurstaða fyrsta fjórðungs ársins 2013 var kynnt hjá Vodafone kom í ljós að heildartap samstæðunnar var 16 milljónir króna. Það vakti athygli á kynningarfundinum að Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, greindi frá því að kostnaður við árshátíð starfsmanna Vodafone, sem

haldin var á ársfjórðungnum hefði verið 14 milljónir króna. Sá kostnaður samsvaraði því nánast heildartapi samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Þetta fór ekkert sérlega vel í hluthafa, hlutabréfa- markaðinn né viðskiptavinum Vodafone.



vodafone

4 Uppgjör undir væntingum

Afkoma Vodafone á fyrsta ársfjórðungi var auk þess undir þeim væntingum sem stjórnendur félagsins höfðu kynnt. Rekstarkostnaður jókst og sala minnkaði. Hlutabréf Vodafone tóku skarpa dýfu eftir að uppgjórið var kynnt í lok maí. Daginn eftir féllu þau raunar um tíu prósent og

héldu áfram að dala fram í september 2013, þegar þau tóku loks að rísa á ný. Þetta kom sér sérlega illa fyrir hóp stórra lífeyrissjóða sem höfðu keypt stóran hlut í Vodafone í byrjun apríl 2013. Dómnefnd Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins um viðskipti, valdi þau kaup enda verstu kaup ársins 2013.



3 Viðbrögð við gagnaleka

Vodafone virtist vera að ná sér vel á strík þegar leið á árið. Hlutaþrífaverðið var farið að hækka og afkomutölur höfðu styrkst. Full ástæða var til bjartsýni. Og þá kom laugardagurinn 30. nóvember. Tyrkneskir hakkarar brutust inn á heimasíðu Vodafone. Í fyrstu tilkynningunni sem félagið sendi frá sér eftir innbrotið kom fram að ekkert benti til þess að persónuupplýsingar hefðu komist í hendur þeirra sem brutust inn. Sú fullyrðing reyndist mjög röng. Hakkararnir náðu að stela 300

megabætum af gögnum og birtu þau öll á netinu. Á meðal þeirra voru 79 þúsund smáskilaboð sem send höfðu verið af heimasíðunni, mörg hver afar persónuleg. Þarna var líka að finna kreditkortanúmer og lykilorð margra viðskiptavina Vodafone. Til að gera illt verra kom í ljós að gögnin höfðu verið vistuð mun lengur en lög segja til um. Þótt Vodafone megi fá mikið hrós fyrir hversu opinskátt félagið brást við í kjölfar þessa er ljóst að upptákan, alvarlegasta tölvuárás Íslands-sögunnar, olli Vodafone miklum skaða.



2 Afhending gagna til lögreglu sem áttu ekki að vera vistuð

Þegar storminn virtist vera að lægja kom afturkippur. Í janúar 2014 komu fram upplýsingar um að Vodafone hefði veitt lögreglu aðgang að fimm ára gömlum símtölum vegna rannsóknar á kynferðisbrota-máli í febrúar 2012. Símtölin voru sem sagt frá árinu 2007. Þetta var vandamál vegna þess að samkvæmt fjarskiptalögum

mega fjarskiptafyrirtæki einungis geyma slíkar upplýsingar í sex mánuði. Vodafone brást aftur við á sem bestan hátt, viður-kenndi að umræddum gögnum hefði átt að vera búið að eyða og að félagið harm-aði að reglum hefði ekki verið framfylgt á þessum tíma. Í ljósi þeirrar tortryggni sem skapaðist í kjölfar tölvuárásarinnar var þetta mál hins vegar það síðasta sem Vodafone þurfti.

1 Gjaldtaka á erlendu niðurhali

Nýjasti afleikur Vodafone er að rukka fyrir erlent niðurhal þegar viðskiptavinir félagsins nota síður Google og YouTube. Vodafone ákvað að hefja þessa gjaldtöku undir lok síðasta árs og í kjölfarið hækkaði niðurbalsreikningur margra skarpt. Ekkert annað íslenskt fjarskiptafyrirtæki rukkar fyrir erlent niðurhal á þessum svæðum. Vodafone brást við gagnrýni vegna þess með því að auka innifalið gagnamagn allra netáskrifta og á sama tíma hækka ekki verð á netþjónustu við breytinguna. Breytingin tók gildi 1. febrúar síðastliðinn.



Google



Í hvert skipti sem þú kaupir flösku af Toppu, gefur þú 3 LÍTRA af hreinu vatni til Afríku.



Rauði krossinn

SLÖKKTU MEIRA EN ÞINN EIGIN ÞORSTA

1 TOPPUR
3 LÍTRAR AF
VATNI TIL AFRÍKU



LEIÐIN AÐ VATNINU

Hvernig væri dagurinn þinn ef þú þyrftir að ganga 6 km eftir 20 lítrum af vatni?

ÝTTU HÉR



Nánari upplýsingar á:
facebook.com/toppur





Kaos í Kristjánsborg

DONG, Goldman Sachs, Sósíalíski þjóðarflokkurinn
og hrókeringar í ríkisstjórn Helle Thorning



Stjórnmálaskýrandi danska dagblaðsins Berlingske sagði í föstudagsútgáfu blaðsins í síðustu viku (31. janúar) að höfundur sem hefði komið með hugmynd að sjónvarpsmyndaflakki sem væri jafn dramatískur og atburðir síðustu tíu daga í kringum orkufyrirtækið DONG og Sósíalíska þjóðarflokkinn hefði verið rekinn öfugur á dyr. Svona saga væri einfaldlega allt of lygileg til að bjóða áhorfendum. En veruleikinn skákar iðulega ímyndunaraflinu.

Óhætt er að fullyrða að síðustu tíu dagar eigi sér vart hlið-stæðu í dönskum stjórnmálum. Sú ákvörðun dönsku ríkis-stjórnarinnar að selja bandaríska fjárfestingarbankanum Goldman Sachs tæplega fimmtungs hlut í orkufyrirtækinu DONG er ekki einungis umdeild meðal landsmanna, hún hefur líka klofið Sósíalíska þjóðarflokkinn, SF. Flokkurinn

hætti þátttöku sinni í ríkisstjórninni, formaðurinn hefur boðað afsögn sína, þrír af ráðherrum flokksins hafa gengið til liðs við aðra flokka, tveir þeirra í síðustu viku. Það hafa líka margir aðrir úr forystusveit SF gert.

DONG Energy, eins og fyrirtækið heitir fullu nafni, var stofnað 1972, hét þá Dansk Naturgas og var að fullu í eigu danska ríkisins. Síðan hefur fyrirtækið

stækkað og breyst, en stærsta skrefið á því sviði var stigið árið 2006 þegar DONG keypti fimm dönsk orkufyrirtæki. Nú er það í dag í hópi stærstu orkufyrirtækja í Norður-Evrópu og er með um sjö þúsund starfsmenn. Starfsemin hefur þó ekki verið neinn dans á rósum undanfarin ár og fyrirtækið hefur orðið að afskrifa háar fjárhæðir, mest vegna kaupa á hlutum í orkufyrirtækjum í Bretlandi og Hollandi.

Fyrir tíu árum stóð til að skrá DONG í kauphöllinni og selja hluta þess. Undirbúningur var kominn nokkuð á veg haustið 2008 en vegna fjármálakreppunnar voru slíkar áætlanir þá lagðar á hilluna. Árið 2012 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að undirbúa sölu á fimmtungshlut í fyrirtækinu.

„Andstæðingar sölunnar sögðu að afhenda ætti vægast sagt vafasömum bandarískum fjárfestingar-banka hluta danskrar þjóðar-eignar á tombóluverði.“

Kaupendur reyndust ekki á hverju strái en bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs sýndi kaupunum mikinn áhuga. Eftir langar samningaviðræður, sem lauk fyrir tæpum hálfum mánuði, ákvað fjármálaráðherrann Bjarne Corydon að leggja til við ríkisstjórnina og þingið að 18 prósentu hlutur í DONG yrði seldur Goldman Sachs fyrir um 8 milljarða danskra króna (u.þ.b. 169 milljarða íslenskra króna). Nauðsynlegt væri að ljúka sölunni sem fyrst og fjármálaráðherrann nefndi dagsetninguna 30. janúar, fimmtudaginn í síðustu viku.



Mótmælt í Kaupmannahöfn
Andstæðingum sölunnar á DONG mótmæltu fyrir utan þinghúsið og stóðu að undirskriftarsöfnun sem 200 þúsund manns tóku þátt í.

Nú fóru mörg hjól að snúast. Andstæðingar sölunnar sögðu að afhenda ætti vægast sagt vafasömum bandarískum fjárfestingarbanka hluta danskra þjóðar eignar á tombóluverði. Því neitaði fjármálaráðherrann og sagði að þarna

stæði einfaldlega til að selja hæstbjóðanda. Stjórnarmenn nokkurra stórra lífeyrissjóða lýstu áhuga en í ljós kom að þeir höfðu ekki umboð sinna manna og tíminn var allt of naumur. Undirskriftasöfnun gegn sölunni var sett af stað og 200 þúsund manns skrifuðu undir, efnt var til mótmæla við þinghúsið, Kristjánsborgarhöll, og andstæðingar og fylgismenn sölunnar hnakkristust í fjölmiðlum. Ljóst var að auðvelt yrði fyrir stjórnina að koma frumvarpi um söluna í gegnum þingið því þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna Venstre og Konservative höfðu lýst stuðningi við málið. Þótt nokkrir úr hópi þingmanna stjórnarflokkanna, Socialdemokraterne og Radikale venstre hafi ekki verið sérlega ánægðir með þessa fyrirhuguðu sölu fylgdu þeir þó flokkslínunni.



Fylgið hrunið

Annette Vilhelmsen varð formaður SF 2012, nokkuð óvænt, var til þess tíma lítt þekktur stjórnmálamaður. Undir hennar stjórn hefur fylgi flokksins hrunið og ýmsir kenna reynsluleysi formannsins um.

Allt upp í loft hjá SF

Hjá þriðja stjórnarflokknum, SF, fór allt í háaloft, nokkrir þingmenn lýstu því yfir að þeir myndu ekki styðja frumvarpið og ætluðu að sitja heima þegar atkvæðagreiðslan færi fram. Á miðvikudeginum, daginn fyrir atkvæðagreiðsluna, héldu þingmenn SF og flokksstjórnarfolk ótal fundi þar sem málin voru rædd fram

og til baka. Mikið var í húfi fyrir flokksformanninn Annette Vilhelmsen, sem hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hún tók við formennskunni af Villy Sövdal í október 2012. Hún lýsti því yfir á fundi þingmanna kvöldið og nóttina fyrir atkvæðagreiðsluna að ef einhver, eða einhverjir, úr þingflokki SF greiddu atkvæði gegn sölnunni á DONG jafngilti það brotthvarfi flokksins úr stjórninni. Eftir fundinn, þar sem var grátið, æpt og barið í borð, taldi hún sig hafa vissu fyrir því að enginn myndi greiða atkvæði gegn sölnunni.

Skjótt skipast veður í lofti

Snemma á fimmtudagsmorgninum 30. janúar hringdi Annette Vilhelmsen í Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra og sagði henni að ekki myndu allir sínir þingmenn styðja frumvarpið og að hún sæi sér ekki fært að sitja áfram

UM SÓSÍÁLISKA ÞJÓÐARFLOKKINN

Sósíalíski þjóðarflokkurinn, SF, var stofnaður 1959. Stofnandinn og fyrsti formaðurinn var Aksel Larsen, sem þá hafði verið rekinn úr Danská kommúnistaflokki, DKP. Átti flokkurinn í fyrsta sinn aðild að ríkisstjórn eftir kosningar 2011, en hefur nokkrum sinnum frá stofnun stutt ríkisstjórnir undir forystu Sósíaldemókrata.

Annette Vilhelmsen er 54 ára, með háskólapróf í kennslufræðum. Frá 2001–2011 var hún í bæjarstjórn Kerteminde á Fjóni þar sem hún býr. Fyrst kjörin á þing 2011. Í formannskjöri í SF haustið 2012 fékk hún 66% atkvæða en mótframþjóðandinn Astrid Krag fékk 34%.



sem formaður SF. Jafnframt myndi flokkurinn hætta þátttöku sinni í ríkisstjórninni en þó styðja hana áfram.

Ekki liðu margir klukkutímar áður en heilbrigðisráðherrann Astrid Krag (sem hafði keppt um formanns-embættið við Annette Vilhelmsen) tilkynnti að hún væri

gengin til liðs við Sósíaldemókrata. Nokkrum klukkustundum síðar tilkynnti Ida Aukenumhverfismálaráðherra að hún væri farin úr flokknunum og gengin í Radikale venstre. Báðar þessar konur voru í hópi „þungavigtarmanna“ flokksins. Í fyrradag tilkynnti svo Ole Sohn fyrrverandi



Meirihluti í eigu ríkisins

DONG Energy er stærsta orkuvinnslu og -dreifingarfyrirtæki Danmerkur, starfsmenn um 7 þúsund. Auk þess er fyrirtækið með starfsemi og á hlut í erlendum orkufyrirtækjum. Danska ríkið á meirihluta í DONG Energy sem hefur lagt mikla áherslu á orkuframleiðslu með vindmyllum.

atvinnumálaráðherra að hann hefði sagt sig úr SF og gengið til liðs við Sósíaldemókrata. Fleiri úr forystusveitinni hafa jafnframt sagt sig frá ábyrgðarstörfum innan flokksins.

Stjórnmalaskýrendur segja að þarna kristallist ólík viðhorf og óánægja, sem lengi hefur kraumað, brotist út; átök þeirra sem vilja flokkinn lengra til vinstri og hinna sem fremur aðhyllast það sem þeir kalla hófsama miðjustefnu. Sá hópur varð undir í DONG-málinu.

Öll sú atburðarás sem endaði með brotthvarfi SF úr ríkisstjórninni er mikið áfall fyrir flokkinn, sem var stofnaður 1959 og fékk í fyrsta skipti aðild að ríkisstjórn eftir kosningarnar 2011.

Boðað hefur verið til landsfundar SF í byrjun mars og þar verður kjörinn nýr formaður. Á þessari stundu treysta fáir sér til að spá um framtíð flokksins en ljóst er að hann er skaddaður eftir þessi átök.

ÍTAREFNI

Berlingske barometer

Niðurstöður nýjustu skoðana-
kanna á kannanavef Berlingske

Annað ráðuneyti Helle Thorning-Schmidt

Upptalning á skipan ráðuneyta
í ríkisstjórn Danmerkur síðan á
þriðjudag

Leiðarar dagblaðanna í Danmörku 4. febrúar

Samantekt Jyllands-Posten á
leiðurum dönsku blaðanna daginn
eftir breytingarnar í ríkisstjórninni

Smelltu á fyrirsagnirnar
til að lesa ítarefnið

Breytt ríkisstjórn

Brotthvarf SF úr ríkisstjórninni hafði vitaskuld í för með sér miklar breytingar á ráðherraliðinu. Það tók leiðtoga stjórnar-flokkanna, þær Helle Thorning-Schmidt og Margrethe Vestager, að þeirra eigin sögn tvo daga að ganga frá nýrri ráðherraskipan. Alls eru ráðherrar nú 20, 13 þeirra úr flokki forsætisráðherrans og 7 frá Radikale venstre. Við uppstokkunina í stjórninni kom hið mikilvæga utanríkis-ráðuneyti, sem SF hafði áður, í hlut Martins Lidegaard frá Radikale venstre. Á óvart kom að flokksbróðir hans Manu Saaren fékk félagsmálaráðuneytið, sem jafnframt fer með málefni innflytjenda. Fyrir fram töldu stjórnmalaskýrendur útilokað að Sósíaldemókratar myndu samþykkja slíkt. Að Radikale venstre skuli hafa fengið þessi tvö mikilvægu ráðu-neyti þykir sýna styrk flokksins í ríkisstjórninni þrátt fyrir að þingmenn flokksins séu aðeins 17, en Sósíaldemókratar hafa 47 þingmenn.

Nýjar skoðanakannanir sýna að allt fjaðrafokið og deilurnar í kringum söluna á DONG hefur skaðað ríkis-stjórnina, einkum flokk forsætisráðherrans.

Þingkosningar verða haldnar í Danmörku eigi síðar en í september á næsta ári. Núverandi stjórnarflokkar eiga, miðað við kannanir, mikið verk fyrir höndum eigi þeim að takast að halda um stjórnartaumana að þeim loknum.

Stjórnendur Goldman Sachs hafa lítið viljað segja um kaupin á hlutum í DONG. Þeir draga ekki dul á að þeir líti á þetta sem gullið tækifæri, segja líka að með kaupunum sé ekki verið að tjalda til einnar nætur. Langtímafjárfesting var orðið sem þeir notuðu.

Brauðlaust í Muaddamiat

Skelfing blasir víða við í Damaskus. Hermenn eru á götum úti. Kjarninn heldur áfram að fjalla um Sýrland og ástandið þar.



Muaddamiat Al-Sham er hverfi í vesturhluta Damaskusborgar. Það hefur verið á valdi sýrlenska stjórnarhersins frá því í byrjun þessa árs. Hermenn varna borgurum útgöngu og alvarlegs matar- og lyfjaskorts gætir. Þá varð hverfið illa úti í efnavopnaárásinni í ágúst. Simad Taher er sýrlenskur flóttamaður og fyrrverandi íbúi í hverfinu. Blaðamaður hitti hann fyrir tilviljun í miðborg Gautaborgar og hann féllst á að veita viðtal. Taher kom til Svíþjóðar í júní. Hann komst vegabréfslaus í gegnum Tyrkland, varð sér úti um skilríki og flaug síðan til Stokkhólms. „Ég keypti vegabréf með mynd af manni sem líktist mér, ég þurfti ekki að borga mikið fyrir það,“ segir hann. Taher segir ástandið í hverfinu hörmulegt. „Ég varð vitni að fjöldamorðum. Fólk dó fyrir framan mig á hverjum degi. Bróðir minn var einn þeirra sem stjórnarherinn myrti.“ Taher hefur áhyggjur af fólkinu sem enn er í Muaddamiat Al-Sham, en þegar hafa hátt í tuttugu manns látist úr hungri í hverfinu. „Það er engan mat að fá. Fólkíð borðar gras og lauf af trjánum. Það er kominn vetur, hvað getur fólkíð borðað þegar það verða ekki fleiri lauf?“ spyr hann og gagnrýnir að hungrið skuli ekki rata í fréttir í sama mæli og efnavopnin gerðu í sumar. „Efnavopnin gerðu það að verkum að öðrum þjóðum fannst þær verða að grípa til aðgerða. Hungur virðist hins vegar ekki skipta máli, fólkí finnst það ekki þurfa að gera neitt.“

Kominn með nóg af Assad

Hann segir ástandið ekki munu lagast á næstunni. „Það veltur á því hvort önnur lönd ákveða að hætta þessu samsæri gagnvart sýrlenskum almenningi.“ Hann trúir því þó að ástandið verði einhvern tímann stöðugt og þegar þar að kemur hyggst hann snúa aftur til Sýrlands. Taher bardist sjálfur með uppreisnarhernum og er andsnúinn Assad-stjórninni. „Áður en stríðið hófst var ég aðgerðasinni, við mótmæltum á götum úti því við vildum borgaraleg réttindi og frelsi. Við höfum þurft að lúta stjórn Assad-fjölskyldunnar í fjórutíu og tvö ár og við höfum engin réttindi. Við getum ekki einu sinni

staðið úti á götu, eins og við erum að gera núna, og rætt við blaðamann. Það er ómögulegt ástand,” segir hann.

Taher segist vera þakklátur sænsku ríkisstjórninni. „Við erum óseggjanlega þakklát Svíum, þeir hafa hjálpað okkur mikið,” segir hann en bætir við: „Við værum þó enn þakklátari bæði þeim og Vesturlöndum ef þau hefðu gert eitthvað til að stöðva drápin í Sýrlandi.“ Taher vill íhlutun. Máli sínu til stuðnings þylur hann upp tölurnar sem heyrast reglulega í fréttum. Yfir hundrað þúsund látnir í Sýrlandi, fjölmargra saknað og 7-9 milljónir á flótta bæði innan og utan landsins.

Taher vildi ekki láta mynda sig, þar sem hann óttast um hag fjölskyldumeðlima í Sýrlandi.

„Efnavopnin gerðu það að verkum að öðrum þjóðum fannst þær verða að grípa til aðgerða“

Seinna sama dag sendi hann blaðamanni tengil á Facebook-síðu hverfisins, Muaddamiat Al-Sham. Þar eru birtar stöðuuppfærslur um ástandið og myndir af börnum sem látist hafa úr vannæringu. Óljóst er hver stendur á bak við síðuna en tilgangur hennar virðist vera að vekja athygli á ástandinu í hverfinu og kalla eftir aðstoð alþjóðasamfélagsins. Í hverfinu búa, samkvæmt síðunni, tólf þúsund manns. Þar er mikill skortur á mat, rafmagni og heilbrigðisþjónustu.

Umdeildur fréttaflutningur

Í lok októbermánaðar fluttu Huffington Post og BBC fréttir af því að stjórnarherinn og uppreisnarherinn hefðu sam-mælst um að aflétta neyðinni í Muaddamiat Al-Sham og að hjálparstarfsmenn hefðu aðstoðað 2.000 almenna borgara við að komast þaðan. Aðgerðin var sögð hafa komið til vegna þrýstings frá alþjóðasamfélaginu, en fréttir höfðu borist um hungur og sjúkdóma á svæðinu. Rætt var við embættismann á vegum ríkisstjórnarinnar. Hann sagði að ekki væru fleiri almennir borgarar eftir á svæðinu og að þegar hefðu 5.000 verið fluttir á öruggara svæði. Í byrjun nóvember sendu alþjóðleg sýrlensk fjölmiðlasamtök, SIMA, frá sér yfirlýsingu þar sem fréttaflutningurinn var fordæmdur.

Í yfirlýsingunni sagði meðal annars: „Fréttaflutningurinn gaf til kynna að Assad stjórnin hefði verið að bjarga sýrlenskum almenningi frá hungurdauða. Það er ógeðfelldur og fáránlegur misskilningur og alger viðsnúningur á sannleikanum. [...] Fréttirnar eru komnar frá blaðamönnum sem eru tengdir stjórnarhernum og fengu upplýsingar sínar frá fólki hliðhollu ríkisstjórninni eða borgurum sem voru umkringdir slíku fólki og gátu því ekki tjáð sig opinskátt.“



Sýrlenski herinn auglýstur
Í Damaskus eru víða áróðursvegspjöld þar sem sýrlenski stjórnarherinn er hylltur.

Þá óskar SIMA eftir vandadri blaðamennsku: „SIMA óskar eftir því að BBC, The Huffington Post og aðrir miðlar fylgi alþjóðlegum stöðlum um óhlutdræga og siðlega blaðamennsku með því að flytja nákvæmar og réttar fréttir frá Muaddamiat Al-Sham en trúa ekki í blindni því sem þeim er sagt af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar.“

Í yfirlýsingunni er því haldið fram að á síðustu

mánuðum hafi Assad-stjórnin þrisvar hleypt fólki út úr hverfinu. Hinn 12. október hafi átt að hleypa 600 manns út úr hverfinu en 14 þeirra hafi verið meinuð útganga. Þá segir að 14. október hafi staðið til að hleypa 1.000 manns út úr hverfinu en einhverjum þeirra hafi verið haldið eftir af hermönnum stjórnarhersins. Hinn 16. október reyndu 2.000 manns, aðallega konur, börn og eldri borgarar, að flýja hverfið. Hópurinn hafði gert samning við stjórnarherinn en stjórnarherinn rauf samninginn og hóf skothríð á hópinn. Þrír létu lífið og margir særðust. Hinn 29. október segir að 1.000 manns hafi verið leyft að yfirgefa hverfið. Einungis 764 var þó hleypt út. Í yfirlýsingunni er því haldið fram að 8.000 saklausum borgurum sé enn haldið nauðugum í hverfinu.

LÚXUSNET TALS

Góðar fréttir fyrir fólk sem fílar Netflix.

Bættu smá lúxus í netið þitt

FYLGIR
MEÐ ÖLLUM
NETPÖKKUM

KYNNTU ÞÉR KOSTI LÚXUSNETSINS

Galtómir vasar og óvissa um Vatnsenda

Fyrrverandi skattakóngurinn Þorsteinn Hjaltested hefur tapað gríðarlegum fjárhæðum á skömmum tíma. Óvissa er enn um bætur vegna Vatnsenda.



**„Eftir deilur fyrir dómi
hefur jörðin nú formlega
verið færð á dánarbúið.“**

Skattakóngurinn fyrrverandi Þorsteinn Hjaltested virðist vera búinn að tapa nánast öllum sínum fjármunum og eignum, samkvæmt fjárnámskröfum Sýslumannsins í Kópavogi í eignum hans. Þorsteinn var um tíma kallaður skattakóngur, en honum var gert að greiða 185,3 milljónir króna í opinber gjöld vegna ársins 2011 og ríflega 162 milljónir vegna ársins 2010. Bæði árin var hann efstur á lista þeirra Íslendinga sem greiða opinber gjöld. Þessi gjöld byggðu meðal annars á því að hann væri réttmætur eigandi Vatnsendajarðarinnar þar sem mikil íbúabyggð hefur risið á undanförunum árum, ekki síst á grundvelli eignarnáms Kópavógsbæjar á landi sem tilheyrir jörðinni. Hinn 5. maí í fyrra dæmdi Hæstiréttur í áratugadeilum um eignarhald á jörðinni og komst þá að því að dánarbú Sigurðar K. Hjaltested, sem lést 13. nóvember 1996, væri réttur eigandi jarðarinnar, en ekki Þorsteinn. Eftir deilur fyrir dómi hefur jörðin nú formlega verið færð á dánarbúið en Hæstaréttardóm þurfti til þess að knýja færsluna á jörðinni yfir á réttan eiganda samkvæmt þinglýstum skjölum.

Landar- og fasteignir

Meðal þess sem kröfur um fjárnám ná til eru landareignir í Borgarfjarðarhreppi og Norðurþingi, nánar tiltekið Stakka-hlíð og Nýhöfn 2. Einnig ná fjárnámskröfurnar til eigna að Lækjarbotnalandi 58 í Kópavogi og fasteign að Vesturgötu 53 í Reykjavík. Þetta kemur fram í þinglýstum skjölum frá Sýslumanninum í Kópavogi og í þinglýsingarvottorði frá Sýslumanninum á Seyðisfirði, sem Kjarninn hefur undir höndum. Fjárnámsbeiðnirnar eru meðal annars vegna vangreiðslu á opinberum gjöldum. Samkvæmt endurriti á fjárnámsgerðum Sýslumannsins í Kópavogi í eignum Þorsteins nema þær 544,5 milljónum króna.

Haft var eftir Sigmundi Hannessyni hrl., lögmanni erfingja í dánarbú Sigurðar K. Hjaltasted, í síðustu útgáfu Kjarnans að forsvarsmenn Kópavógsbæjar gerðu sér ekki

grein fyrir „alvarleika málsins“ þegar kemur að Vatnsenda og að upphæðirnar í málinu væru „geggaðar“. Samningar um eignarnámsbætur sem Þorsteinn gerði við Kópavogsbæ, þar sem hann fékk ríflega tvo milljarða króna í fyrirfram-



Byggt á Vatnsendajörð

Land úr Vatnsenda hefur fjórum sinnum verið tekið eignarnámi af Kópavogsbæ og einu sinni af Reykjavíkurborg.

greiðslu hefðu byggt á röngum forsendum þar sem hann hefði ekki verið réttmætur eigandi landsins. Sigmundur segir að Kópavogsbæ hafi verið ítrekað bent á óvissuna sem væri uppi í málinu áður en Kópavogsbær gekk frá eignarnámssamningum í Vatnsenda. Í fjögur skipti hefur bærinn tekið land úr Vatnsenda eignarnámi, 1992, 1998, 2000 og 2007, á þeim forsendum að Þorsteinn væri eigandi landsins. Reykjavíkurborg hafði tekið land úr jörðinni eignarnámi nokkru fyrr, árið 1988. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, lét hafa eftir sér í Kjarnanum í síðustu viku að sveitarfélög hefðu „að sjálfsögðu mátt treysta því að þinglýsingarbók væri rétt um eignarhaldið“ þegar land úr jörðinni hefði verið tekið eignarnámi. Sigmundur segir að í ljósi Hæstaréttardómsins

þar sem dæmt var á þá leið að Þorsteinn væri ekki réttur eigandi Vatnsenda, heldur dánarbú Sigurðar K. Hjaltested, og ítrekaðra viðvarana um að óvissa væri uppi um eiganda jarðarinnar vegna deilna fyrir dómstólum, væru forsendur samninga um eignarnám og bætur á veikum forsendum. Ármann segir hins vegar að rétt hafi verið staðið að eignarnáminu og bærinn sé sannarlega eigandi að því landi sem tekið hafi verið eignarnámi.

Háar fjárhæðir

Erfingjar í dánarbú Sigurðar telja Kópavogsbæ skulda tæplega tíu milljarða vegna eignarnáms, þegar allt er talið. Þar á meðal er greiðsla til Þorsteins vegna eignarnáms á 864 hekturum í Vatnsenda, en bærinn greiddi rúmlega tvo milljarða fyrir þá, eða sem nemur um 3,5 milljörðum að núvirði. Til viðbótar eru frekari bætur vegna eignarnáms, upp á tæplega sjö milljarða króna. Þorsteinn gerði kröfu um að Kópavogsbær greiddi honum 6,9 milljarða króna vegna eignarnáms bæjarins en málinu var vísað frá í Héraðsdómi Reykjaness 17. janúar síðastliðinn á þeim forsendum að Þorsteinn væri ekki réttmætur eigandi Vatnsenda. Sérstaklega er tiltekið í dómi héraðsdóms að Kópavogsbær verði ekki sýknaður af kröfunni þrátt fyrir frávísunina. Enn hefur því ekki fengist niðurstaða fyrir dómstólum um hvort þessi krafa sé á rökum reist og réttmæt, en hún byggir á eignarnámi bæjarins til þessa og samningunum frá 2007.

Tilkynnt til kauphallar

Eftir að Kjarninn fjallaði um málefni er tengjast Vatnsenda, og deilur erfingja í dánarbú Sigurðar K. Hjaltested, sendi Kópavogsbær frá sér tilkynningu til Nasdaq OMX kauphallar Íslands, en bærinn er með skuldabréf skráð á markað. Í tilkynningu segir að Þorsteinn hafi ekki kært niðurstöðuna í fyrrnefndu máli Þorsteins Hjaltested gegn Kópavogsbæ fyrir Héraðsdómi Reykjaness til Hæstaréttar og því sé dómsmálinu lokið.

Lögmenn Kópavogsbæjar eru í stöðugu sambandi við Jón Auðun Jónsson hrl., skiptastjóra dánarbús Sigurðar K. Hjaltested, vegna málefna Vatnsenda en óljóst er hvenær öll kurl verða komin til grafar í ágreiningsmálum er dánarbúinu tengjast. Þar á meðal hvort Kópavogsbær þurfi að greiða tæplega milljarða króna vegna eignarnáms í Vatnsenda, en ljóst er að slík niðurstaða myndi hafa alvarleg áhrif á fjárhag bæjarins.

SJÖ SPURNINGAR

Liv Bergþórsdóttir

forstjóri Nova



Af hverju í samfélaginu hefur þú mestar áhyggjur?

Hvað hlutirnir gerast hægt. Ég vildi að við værum með einfaldara og skilvirkara stjórnkerfi í þessu litla landi.

Hvernig líst þér á stöðu efnahagsmála í augnablikinu?

Mér finnst liggja ljóst fyrir hvað þarf að gera, auðveldar sagt en gert.

Hvað á að gera um helgina?

Það er löng og skemmtileg helgi fram undan. Helgin byrjar hjá mér á fimmtudaginn þegar gamlir fyrrverandi vinnufélagar ætla að hittast á Grillmarkaðinum. Við hjónin erum síðan boðin í matarboð á föstudags- og laugardagskvöldið og ég fer síðan til London á sunnudaginn.

Hvaða bók eða bækur ertu að lesa núna?

Ég var að klára Lygi eftir Yrsu Sigurðardóttur. Á ennþá eftir að lesa nokkrar jólagjafir og mögulega munu nýju lesgleraugun koma mér í meira lestrarstuð!

Hvaða tónlist hlustar þú á þegar þú vilt koma þér í stuð?

Ég bið strákana mína um að stinga iPodinum sínum í græjurnar og læt mata mig.

Hvaða sjónvarpsþættir eru í mestu upphaldi hjá þér?

Núna fylgist ég með Dicte og Arvingerne.

Hvernig síma áttu?

iPhone 5c en langar í iPhone með stærri skjá.

kjarninn 6. febrúar 2014

f Facebook



SVEINN ANDRI SVEINSSON

Brynjar Níelsson er á réttri braut þegar Björn Bjarnason er farinn að skamma hann.
Þriðjudagur 4. febrúar 2014



HJÁLMAR GÍSLASON

Skemmtilegar pælingar, m.a. um mikilvægi tilgangsleysisins. Alltaf skal þér takast að víkka hugann Andri Snær.

Þriðjudagur 4. febrúar 2014



HILDUR SVÆRISDÓTTIR

Hér á borgarstjórnarfundir er næst á dagskrá umræða um hlutverk Reykjavíkur í björgunarstarfi þar sem ég mun halda ræðustúf um að þó að framtíðarsýn borgarstjóra um herlausu borg sé falleg fer hún gegn mikilvægu björgunarsamstarfi sem við eigum við vinabjóðir okkar.

Þriðjudagur 4. febrúar 2014

BAKHERBERGIÐ

Klókindi kröfuhafa við ráðningar á vinum aðal

Slitastjórn Glitnis hefur undanfarið sankað að sér ráðgjöfum. Fyrst var tilkynnt ráðning MP banka og á þriðjudag greindi Morgunblaðið frá því að KOM almannatengsl væru komin um borð. Þessar ráðningar þykja mjög klókar. Innan MP banka eru stjórnendur, eins og forstjórinn Sigurður Atli Jónsson og Sigurður Hannesson, sem tengjast forsætisráðherra nánum vina- eða fjölskylduböndum. Hjá KOM ráða þeir Friðjón Friðjónsson, sem var aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, og Björgvin Guðmundsson, fyrrum ritstjóri Viðskiptablaðsins og formaður Heimdallar, ríkjum.

Twitter



SVANHILDUR HÓLM @svanhildurholm

Eru fullorðinsbleyjur mikið teknar í þessari íþróttagrein? #hvitabuxur #nflisland
Mánudagur 3. febrúar 2014



HILDUR LILLIENDAHL @snilldur

Einhver geim í e-pillur og karóki í kvöld?
Sunnudagur 2. febrúar 2014



KETILL MAGNÚSSON @ketilberg

Velferðakjúklingur er sniðugt orð yfir kjúklinga sem ekki eru verksmiðjuframleiddir.
Þriðjudagur 4. febrúar 2014

Nýr Nordal í Seðlabankann?


Skipunartími Mús Guðmundssonar seðlabankastjóra rennur út í sumar og er mikið um það pískrað að ríkisstjórnin muni vilja koma „sínnum manni“ í stöðuna. Framsókn vill Sigurð Hannesson í starfið en Sjálfstæðisflokkurinn hefur aðrar hugmyndir, en Bjarni Benediktsson mun skipa í það. Þaðan heyrast þær raddir að Ólöf Nordal sé kandídat flokksins. Ólöf er fyrrverandi þingmaður, situr í bankaráði Seðlabankans og er auðvitað dóttir Jóhannesar Nordal, sem var seðlabankastjóri frá 1961 til 1993. Ólöf ólst því í raun upp á göngum bankans, en hún er fædd 1966.

BÍÓ★PARADÍS



SVARTIR
SUNNUGAGAR

kjarninn 6. febrúar 2014





Tyrkneskur kosningafundur í Berlín

Recep Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hélt kosningafund í Berlín á þriðjudag. Tæplega tvær milljónir tyrkneskra ríkisborgara búa í Þýskalandi og vonar Erdogan að með fundinum muni hann hljóta atkvæði þeirra Tyrkja sem ekki búa í heimalandinu.

Mynd: AFP





Ólympíuleikarnir hefjast á morgun

Allt er til reiðu í Sotsjí í Rússlandi fyrir vetrarólympíuleikana sem hefjast á morgun. Leikarnir verða þeir allra dýrustu, kosta meira en andvirði 5.800 milljarða íslenskra króna. Þá er öryggisgæsla í Sotsjí ótrúleg vegna mikillar hættu á hryðjuverkum. Sumir aðgerðasinnar fá ekki einu sinni að fylgjast með leikunum.

Mynd: AFP





Mótmælt í Melbourne

Mannréttindabrotum í Rússlandi hefur verið mótmælt víða undanfarna mánuði á meðan undirbúningur fyrir ólympíuleikana hefur staðið yfir. Í Melbourne í Ástralíu voru styrktaraðilar leikanna í Sotsjí hvattir til að hafa áhrif á löggjöfina í Rússlandi.

Mynd: AFP





Lausn í sjónmáli?

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar í Úkraínu hittu Catherine Ashton, utanríkis-
málastjóra ESB, í Kænugarði á þriðjudag. Ræddu þau ástandið í Úkraínu, þar
sem enn er barist á götum úti. Ashton hitti Viktor Janúkovítsj, forsætisráðherra
Úkraínu, í gær og ræddi við hann um framtíðarstefnu landsins í utanríkismálum.

Mynd: AFP





Morð og pyntingar í Mið-Afríku

Liðsmenn Mið-Afríkuhersins pyntuðu þennan mann sem þeir telja vera fyrrverandi uppreisnarmann í Bangui. Enn ríkir óöld í þessu fátæka ríki eftir að uppreisnarmenn veltu forseta landsins úr stóli fyrir tæpu ári. Þrátt fyrir að franskt og afrískt herlið reyni að stilla til friðar berjast múslimar og kristnir enn á banaspjótum.

Mynd: AFP



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Dima Litvinov umhverfisverndarsinni

Umhverfisfangi í ríki Vladímírs Pútín



Hinn 19. september 2013 réðst rússnesk sársveit á skipið Arctic Sunrise á alþjóðlegu svæði í Barentshafi og handtók alla um borð. Tveimur dögum áður höfðu Grænfriðungar mótmælt við Priraslumnaja-olíuborþall Gazþrom.

Nýlega náðaði Vladimir Pútín, forseti Rússlands, þrjátíu-menningana en áður hafði stefnt í að þeir myndu eyða allt að sjö árum í rússnesku fangelsi. Margir telja að náðun Mikáíls Kodorkovskí, Pussy Riot og grænfriðunganna sé til að bæta ímynd hans vegna Ólympíuleikanna í Sotsjí sem hefjast innan skamms.

Einn þeirra sem voru handtekin er grænfriðungurinn Dima Litvinov. Kjarninn hitti hann í Stokkhólmi nýverið.

Fangelsisstjórinn var skepna

„Ég ætti að fá orðu frá Pútín en ekki náðun! Það er ekki hægt að náða mann af glæp sem hefur ekki verið framinn,“ segir Dima. Hann er mættur aftur til vinnu eftir langþráð jólafrí með fjölskyldunni.

Á meðan á fangelsisvistinni stóð skrifaði Dima mikið. Hann sýnir blaðamanni þéttskrifuð blöð sem hann tók með sér úr fangelsinu. „Ég gat skrifað en tvö af bréfum mínum hurfu. Allt var skoðað og lesið. Fangelsisstjórinn var skepna og ég var yfirheyrður. Mér var hótad þegar ég vildi ekki játa neitt og var settur í einangrun. Það var erfiðast. Að standa einn í þröngu rými í myrkri og telja sekúndurnar. Það bjargaði mér, að telja sekúndurnar. Ég vissi hvað tímanum leið meðan ég taldi. Á meðan á þessu stóð hafði ég mestar áhyggjur af fjölskyldunni minni. Ég var með hnút í maganum yfir því að ég ætti eftir að dúsa þarna næstu árin og reyndi að trúá því að ekki einu sinni í ríki Pútíns væri hægt að setja alþjóðlegan hóp í fangelsi fyrir glæp sem hann hefði ekki framið.“

Á skrifborði Dima liggja bréf og póstkort víða að. „Í gegnum lögræðing í fangelsinu í Múrmansk fékk ég að vita að fólk væri að mótmæla handtöku okkar. En ég gerði mér ekki grein fyrir umfanginu fyrir en ég varð frjáls. Þá fór

ég óneitanlega hjá mér. Nú hafa fimm milljónir undirritað mótmæli gegn olíuvinnslu á norðurslóðum. Þetta er mikil hvatning til að halda baráttunni áfram.“

Óafturkræfur skaði

Spurður hvað hópurinn hafi verið að gera í Barentshafinu þegar hann var handtekinn segir Dima að Grænfriðungar hafi verið að mótmæla djúpsjávarborunum eftir olíu.

„Hættan á olíuleka við svona djúpsjávarborun eins og gerðist hjá BP [British Petroleum] í Mexíkóflóa á sínum tíma er mikil. Þangað var hægt að fá hundruð skipa á stuttum tíma en samt tókst ekki að hreinsa nema tíu til tuttugu prósent af olíunni. Á Norðurslóðum er dimmt og kalt og vistkerfið afar viðkvæmt. Það er langt í næstu byggð og þegar og ef hægt er

„Daginn eftir vorum við því með sjóveika og timbraða grímuklædda menn sem beindu vélbyssum sínum að okkur. Það var ekki gaman.“

að fá hjálp er olían horfin niður eða undir ís. Það tekur margfalt lengri tíma fyrir hana að brotna niður í köldu loftslagi. Þetta veldur óafturkræfum skemmdum fyrir umhverfið, til dæmis á fiskistofna.

Nú eru stærstu olíufélög heims í kapphlaupi um norðurslóðir. Það var ástæðan fyrir því að við vildum fara þangað. Þetta er fyrsta norðurslóðarolían sem er dælt upp úti á hafi. Okkur fannst mjög mikilvægt að segja heiminum frá því. Loftslagsbreytingarnar eru staðreynd og jörðin þolir ekki meiri olíubrennslu. Ef hitinn hækkar um tvö stig bráðnar túndran og metangas sem losnar út í andrúmsloftið mun hafa ófyrirsjáanleg áhrif.“

Skutu á okkur

Dima segir hlutverk sitt hjá hópnum hafa meðal annars verið að sjá um samskipti við rússnesku landhelgisgæsluna og borpallinn sem mótmælin beindust að.

„Ég var búinn að tala við þá yfir talstöð og útskýra að þetta væru friðsamleg mótmæli, eins og alltaf hjá Greenpeace. Um leið og gúmmibátarnir okkar fóru í vatnið birtust bátar gæslunnar. Þeir miðuðu strax byssum að höfðum okkar.

Hnífum var stungið í gúmmibátinn en hinum hafði tekist að komu upp köðlum upp, klifra og fletta út skilti. Þá drógu gæslumennirnir í kaðlana og slepptu þannig að þau skullu í stálvegginn og runnu niður. Þeir tóku þau, sigldu burt og skutu í vatnið og í loftið alls staðar í kringum okkur. Þetta var mjög ógnvænlegt og við fórum aftur í skipið. Við gátum ekki yfirgefið svæðið því þeir voru með tvo gísla frá okkur.

Ég talaði við landhelgisgæsluna í gegnum talstöð og bað um að þeim yrði sleppt. Þá hótuðu þeir að skjóta á okkur. Ég benti á að skipið væri hollenskt og á alþjóðlegu hafsvæði. Peter Wilcox skipstjóri bað mig um að biðja þá um að skjóta ekki á silfurtankana fremst á skipinu því þar var bensín geymt.“

Wilcox var einnig skipstjóri þegar franska leyniþjónustan sprengdi skip Grænfríðunga í loft upp í Kyrrahafi. Vinur hans lést í þeirri sprengingu.

Eins og í bíómynd

Daginn eftir heyrði Dima í þyrlu og fór út á dekk. Það sem blasti við honum var eins og úr bíómynd. „Svartklæddir, óeinkennismerktir menn með lambhúshettur sigu niður úr þyrlunni í köðlum. Þeir beindu vélbyssum að okkur og þvinguðu alla niður. Ég hljóp að brúnni til Peter en var sleginn niður og haldið föstum.

Þeir svartklæddu rifu til sín alla síma, myndavélar og tölvur. Mér tókst að komast inn í brúna og tala við nokkra félaga mína. Búið var að rífa út raftæki og brjóta. Peter skipstjóra var síðan skipað að sigla til Múrmansk. Hann sagðist vilja tala við eiganda skipsins í Hollandi en þeir skipuðu honum bara að halda kjafti og sigla af stað. Blaðamanni í hópnum tókst að fela kortið úr símanum áður en hann var tekin af honum. Sjálfur faldi ég eitt myndakort í snúsdósinni minni. Þeir lokuðu okkur inni í matsalnum og rótuðu í gegnum alla klefa. Flest okkar voru með romm- eða viskíflöskur fyrir með okkur vegna afmælis sem var á meðan á aðgerðinni stóð. Þeir stálu öllu víni og drukku. Daginn eftir vorum við því með sjóveika og timbraða grímuklædda menn sem beindu vélbyssum sínum að okkur. Það var ekki gaman.



Fangelsi

Áður en grænfriðungarnir voru náðaðir stefndi allt í að þeir myndu sitja í allt að sjö ár í fangelsi.

En við trúðum því að okkur yrði fljótt sleppt. Við áttum í það minnsta ekki von á því að verða ákærð fyrir sjórán!“

Augljóslega pólitísk ákæra

Hópurinn var síðan fluttur í fangelsi eftir að skipi hans hafði verið siglt til Múrmansk. Dima segir að veran í fangelsinu hafi verið erfið. Hann hafi þó sjálfur átt auðveldara með hana en margir félaga hans vegna þess að hann talar rússnesku. „Ég var lokaður inni í köldum klefa með öðrum í 23 tíma á sólarhring. Maturinn var vondur og ég fékk að fara í sturtu einu sinni í viku. Ég hafði lesið og heyrt margt frá afa mínum um hvernig maður ætti að haga sér í rússnesku fangelsi. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom í klefann var að segja nafnið mitt og Sjórán! Þá sögðu þeir allir í kór að þetta væri augljóslega pólitísk ákæra. Það fyrsta sem lögfræðingur minni í Múrmansk sagði var: „Hér í Rússlandi er ekkert réttlæti!“

Okkur var sagt að þessi aðferð væri kölluð símaréttlæti. Þá er hringt í dómara og honum sagt hvernig hann skuli úrskurða í málum. Við nutum virðingar hjá meðföngum okkar fyrir að mótmæla því sem stjórnvöld eru að gera. Aftur á móti héldu embættismenn og opinberir fjölmiðlar því fram að við værum hluti af samsæri gegn Rússlandi. Að við værum að reyna að hindra rússnesk stjórnvöld í að nýta rétt sinn til að bora eftir olíu á norðurslóðum. Við vorum sökuð um að starfa fyrir erlend ríki eða vera njósningar. Bókhald Greenpeace er hins vegar algerlega opið og við tökum ekki við styrkjum frá ríkjum eða hagsmunaaðilum.

Auk þess mótmælum við einnig olíuborun Shell, BP, Statoil og annara olíurisa á norðurslóðum.“

Margar kynslóðir andófsmanna

Dima segir að andófið sé honum líklega í blóð borið því að afi hans og langafi hafi líka setið í fangelsi í Rússlandi fyrir mótmæli. „Langafi minn var á móti keisaranum og endaði síðan sem samstarfsmaður Leníns. En móðurafi minn, Lev Kopelev, var fangelsaður af Stalín í tíu ár fyrir að mótmæla grimmdarverkum Rauða hersins gegn þýskum almenníngi í lok seinni heimstyrjaldar. Hann sat í fangelsi með Solsjenitsyn og er fyrirmynd aðalpersónunnar í skáldsögunni Fyrsti hringurinn.

Árið 1968 var faðir minn, Pavel Litvinov, handtekinn á Rauða torginu í Moskvu fyrir að mótmæla innrás Sovétmanna í Tékkóslóvakíu. Hann var sendur í útlegð til Síberíu.

Þar þjuggum við í nokkur ár í þorpi, ég gekk í skóla og systir mín fæddist þar. Við snerum síðan aftur til Moskvu og hann hélt áfram störfum að mannréttindamálum. 1974 ávörpuðu óeinkennisklæddir hann á götu og sögðu: „Annaðhvort flytur þú úr landi eða við sendum þig aftur til Síberíu.“ Því flutti ég tólf ára gamall með fjölskyldunni til Bandaríkjanna. Þar fór ég síðan í háskóla og hóf að vinna með Greenpeace árið 1989. Ég kynntist síðan sænskri eiginkonu minni, Anitu, í Ekvador.“

Náttúran varð föl

Fyrsta ferð Dima með skipi Grænfriðunga var í Barentshafið árið 1990, þegar Gorbatsjov réð enn ríkjum. Tilgangurinn var að vekja athygli heimsins á tilrauna kjarnorkusprengingum Sovétmanna við Novaja Zemlja. „Við sluppum undan KGB-skipi við eltingaleik í hafi og þeir skutu á eftir okkur. Þeir komumst að lokum um borð en það var allt mun mildara en núna. Þeir voru afslappaðri og við fengum að ganga um frjáls á skipinu. Eftir tvo daga í Múrmansk var okkur sleppt og skipinu fylgt út úr rússneskri lögsögu.“

Á Glasnost-tímabilinu opnuðust umræður um umhverfismál. Það var reyndar innan umhverfissamtaka sem andóðsmenn söfnuðust saman. Sovétríkin féllu síðan árið 1991 og undir Jeltsín voru sett ný lög um umhverfismál sem voru mjög ítarleg.

„Dima segir að andófið sé honum líklega í blóð borið því að afi hans og langafi hafi líka setið í fangelsi í Rússlandi fyrir mótmæli.“

Dima segir að þau hafi raunar verið bestu náttúruverndarlög í heimi á þeim tíma.

„Þá vann ég í Moskvu við að byggja upp starfsemi Greenpeace í Rússlandi. Þetta voru mjög spennandi tímar og af því að mikill fjöldi stjórnarliða kom úr umhverfissamtökum var tilfinningin sú að allt væri mögulegt. En fljótlega fóru

erlendir og innlendir viðskiptajöfrar að raka til sín rússneskum náttúruverðmætum og umhverfismálum var ýtt út í horn. Ræða Tsjernomyrdíns, þáverandi forsætisráðherra, markaði síðan tímamót þar sem hann sagði: „Nú er kominn tími til að hætta að sjá náttúruna gegnum bleik gleraugu.“ Þar átti hann við að nú væri tími kapítalistanna kominn og náttúran föl.

Þegar Vladímír Pútín komst svo til valda lét hann það verða eitt sínum fyrstu verkum að leggja niður umhverfisráðuneytið. Eða öllu heldur færði hann það inn í auðlindaráðuneytið. Það er eins og að láta refinn gæta hænsnabúsins!“

Vill afsökunarbeiðni, ekki náðun

Dima segist ætla að halda áfram að vinna að umhverfismálum. Það sem gerðist síðastliðið haust muni ekki stöðva það. „Nú þegar áhrif loftslagsbreytinga eru að verða



Hugsjónafólk

Hópurinn var að mótmæla djúpsjávarborunum eftir olíu í Barentshafi þegar hann var handtekinn.

augljósari, eins og fellibylurinn á Filippseyjum sýndi, er fólk farið að setja þetta í persónulegt samhengi. Stjórnendur olíufyrirtækja óttast að persónulegur gróði þeirra minnki. Þetta er orðin miklu meiri bein átök. Þá eru umhverfisverndarsinnar handteknir, eins og við, til að sýna að engin mótmæli verði liðin.“

Dima sýnir blaðamanni að lokum margra síðna bréf frá saksóknara þar sem hann er „náðaður“ af þeim glæp að vera hluti af skipulögðu glæpagengi sem hafi ráðist á olíuborðall með óeirðir í huga og það fyrir augum að taka völdin þar.

„Þetta er endurtekið hér aftur og aftur. Og þeir taka það fram að þeir séu svo góðir að veita mér náðun. Ég vil hins vegar fá afsökunarbeiðni fyrir að þeir héldu mér í fangelsi í tvo mánuði. Þeir ættu í staðinn að þakka mér fyrir að berjast fyrir umhverfismálum í Rússlandi.“

Stefán Jóhannesson
Framkvæmdastjóri
@thekking

thekking.is

ÞEKKING ER TÖLVUDEILD YFIR 300 FYRIRTÆKJA

Við önnumst daglegan rekstur á tölvukerfum, hýsum gögnum og hugbúnað. Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Kynntu þér málið:

460 3100 / sala@thekking.is

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI

460 3100
THEKKING.IS



Fjárfestum í heilsu og hamingju

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, veltir fyrir sér lífssýn jafnaðarmanna

Fátt eigum við verðmætara en heilsu okkar og hamingju. Þetta vitum við flest en einhverra hluta vegna fá þessi mikilvægu mál lítið rými á hinu pólitíska sviði. Þessu þurfum við að breyta og um leið færa pólitíkina nær íbúum borgarinnar. Ég vil gera Reykjavík að heilsuefandi borg – samfélagi þar sem íbúum er á öllum aldurs skeiðum tryggt heilnæmt umhverfi og góðar aðstæður til að lifa heilsusamlegu og hamingjuríku lífi.

Slíkt heilsuefandi samfélag verður ekki til fyrir tilviljun og það verður ekki til nema stjórn-málin líti á það sem eitt af meginverkefnum sínum að vinna að því að skapa þær aðstæður og það umhverfi sem til þarf. Til að skapa heilsuefandi borgar-samfélag í Reykjavík þarf einfaldlega að horfa til flestra þátta borgarsamfélagsins með heilsuefandi langtímahugsun að leiðarljósi. Þannig getum við jafnt og þétt bætt lífsgæði íbúa.



Stefnan mörkuð

Meirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins hefur á liðnu kjörtímabil unnið gott starf í þessum efnum. Á síðasta ári undirritaði Dagur B. Eggertsson samning við Landlæknisembættið um samvinnu um þróun Reykjavíkur í þá átt að hún verði heilsuefandi borg með það markmið að stuðla að bættri heilsu íbúa. Ákveðið var að samstarfið skyldi beinast að þremur meginviðum: Heilsuefandi samfélagi, heilsuefandi skólum og auknum jöfnuði. Landlæknisembættið hefur þegar gefið út leiðbeiningar um heilsuefandi skóla og nú er þar unnið að sambærilegum leiðbeiningum fyrir heilsuefandi samfélög.

**„Landlæknis-
embættið hefur
þegar gefið út leið-
beiningar um heilsu-
eflandi skóla ...“**

Hvers vegna heilsuefandi samfélag?

Rannsóknir hafa sýnt að það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélög að fjárfesta í forvörnum og aðgerðum sem efla heilsu íbúa. Það að fólk missi heilsuna eða taki ekki þátt í samfélaginu er mjög kostnaðarsamt, fyrir utan áhrif þess á lífsgæði fólks

og nánustu aðstandenda. Það er því til mikils að vinna bæði í andlegri og líkamlegri heilsu og fjárhagslegum ávinningi fyrir borgina okkar þegar til lengri tíma er litið að þessi vegferð heppnist vel.

Hvað þarf að gera?

Til að umhverfi okkar og samfélag virki hvetjandi á okkur borgarþúa til að huga að heilsunni þarf að fara í mikla og markvissa vinnu. Það þarf að greina stöðuna eins og hún er núna, skoða vel þarfir og óskir íbúa og í framhaldi marka lýðheilsustefnu um heilsuefandi hverfi borgarinnar. Til þess höfum við öll tæki og tól enda liggja fyrir ítarlegar leiðbeiningar og gátlistar um mótun heilsustefnu og gerð áætlana um líðan, næringu, hreyfingu, ofbeldis- og slysavarnir, tannvernd, tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir.

Allar ákvarðanir um skipulag og starfsemi borgarinnar þarf einnig að taka með áhrif á lýðheilsu í huga. Það þarf

að tryggja aðgengi fólks að verslunum með heilsusamlegum matvælum, aðstöðu til hreyfingar eða útivistar og huga að loftgæðum, hávaða og öðru sem hefur áhrif á heilsu fólks, andlega og líkamlega. Ábyrgð Reykjavíkur er mikil þarna og einnig sem stærsti vinnustaður landsins.

Vinnustaðurinn Reykjavíkurborg þarf að huga að starfsaðstæðum allra starfsmanna sinna og tryggja að þær séu heilsueflandi, meðal annars með því að tryggja góðan aðbúnað. Landlæknisembættið hefur gefið út kröfur um hvaða skilyrði skólar þurfa að uppfylla til að vera Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar. Þarna þarf Reykjavík að gefa í og ná skólum í öðrum sveitarfélögum sem víða eru komnir vel á veg. Heilsuefling á að ná til fjölbreytileika mannlífs og allra aldurshópa í samfélaginu og stuðla þannig að auknum lífsgæðum, góðri heilsu og vellíðan allra íbúa, ekki síður þeirra sem glíma við erfiðar áskoranir í lífinu sökum fatlana, aldurs eða langvarandi veikinda.

Áhrif jöfnuðar á heilsu og lífsgæði

Fjölmargar samfélagsrannsóknir hafa sýnt fram á að samfélög þar sem ójöfnuður er mikill eigi við erfiðari félagsleg vandamál að etja en þau samfélög sem einkennast af meiri jöfnuði. Fólk sem býr við mikinn ójöfnuð er líklegra til þess að búa við margs konar heilsufarsleg og félagsleg vandamál. Einnig hefur verið sýnt fram á að minni samheldni og samstaða er meðal fólks þar sem ójöfnuður ríkir.

Með sama hætti njóta allir íbúar þeirra samfélaga þar sem meiri jöfnuður ríkir meiri velsældar en íbúar njóta almennt í löndum sem einkennast af ójöfnuði. Í jafnaðarsamfélögum eru allir íbúar líklegri til þess að vera hraustari, taka meiri þátt í samfélaginu, geðheilsa er betri, minna er um offitu, ofbeldi er sjaldgæfara sem og önnur félagsleg vandamál.

Lífssýn okkar jafnaðarmanna byggir á því að jafna lífskjör og gæta þess að allir hafi jöfn tækifæri til að eiga gott og innihaldsríkt líf. Við eigum að virða fjölbreytileika mannlífsins, berjast fyrir mannréttindum allra og almennt velferð þannig að allir borgarþáttar njóti lífsgæða og virðingar. Að byggja upp heilsueflandi samfélag er mikilvægur þáttur á þeirri vegferð og að því vil ég vinna í borgarstjórn Reykjavíkur.

Czy jestes ofiara przemocy?

Stefán Eiríksson skrifar um baráttuna gegn heimilisofbeldi og hvernig löggjafinn geti beitt sér betur í málaflökknum

Heimilisofbeldi er staðreynd í íslensku samfélagi hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ofbeldið er af ýmsu tagi og birtingarmyndirnar margar. Þessi meinsemd er ekki bundin við tiltekna tegundir af samböndum þó svo að algengasta birtingarmyndin sé ofbeldi karla gegn konum; líkamlegt, kynferðislegt og andlegt. Þessi málefni hafa verið í umræðunni lengi, ekki síst fyrir tilstuðlan grasrótar- og hjálparsamtaka á borð við Kvennaathvarfið, sem frá stofnun hefur unnið mikilvægt starf á þessu sviði. Stjórnvöld hafa komið í kjölfarið og unnið að stefnumótun, samræmingu og úrbótum í löggjöf og ýmsar tilraunir hafa verið gerðar sem skilað hafa góðum árangri eins og verkefnið Karlar til ábyrgðar, sem er sérhæft meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum.

Hvernig náum við sambandi við þolendur?

Þrátt fyrir góðan vilja yfirvalda og annarra sem að þessum málum koma virðist okkur ekki ganga of vel að uppræta heimilisofbeldi í íslensku samfélagi. Ástæðurnar fyrir því eru eflaust margar, þar á meðal þær að oftar en ekki er erfitt fyrir yfirvöld að ná sambandi við einstaklinga sem beittir eru langvarandi kúgun og ofbeldi. Þetta sambandsleysi getur átt sér margvíslegar orsakir, meðal annars þær að hluti af því ofbeldi og kúgun sem beitt er á heimili felst í því að lama áhuga og vilja þolandans til að leita sér hjálpar og treysta

yfirvöldum. Í öðrum tilvikum getur það legið í því að þolandinn er einangraður í samfélaginu og á heimilinu vegna tungumála-örðugleika, fötlunar eða annarra ástæðna. Tölur Kvennaathvarfsins benda þó ekki til þess að konur af erlendum uppruna séu frekar beittar ofbeldi en íslenskar, þó svo að hlutfall kvenna af erlendum uppruna sé hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu. Það er fremur talið benda til þess að þær eigi síður tengslanet fjölskyldu og vina og eigi því í færri hús að venda en íslenskar konur séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum, eins og fram kemur í

nýlegri ársskýrslu Kvennaathvarfsins. Mikilvægt er að ná til þessara hópa og raunar allra sem beittir eru ofbeldi innan veggja heimilisins. Kynningarefni hefur í þessu skyni verið útbúið á nokkrum tungumálum sem er aðgengilegt víða og þar á meðal á netinu.

Að halda glugganum opnum

Nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri voru afhent fyrir stuttu og við það tækifæri fékk verkefni frá lögreglunni á Suðurnesjum sérstaka viðurkenningu. Um er að ræða samstarfsverkefni lögreglu og félagsmálayfirvalda á svæðinu sem felur það í sér að fylgja eftir af festu þeim ábendingum sem yfirvöldum berast um ofbeldi á heimilum. Verkefnið hefur

skilað athyglisverðum árangri og sýnir í verki hvað unnt er að gera innan ramma gildandi laga, með öflugu samstarfi allra hlutaðeigandi. Verkefnið ber yfirskriftina Að halda glugganum opnum, sem undirstrikar vel mikilvægi þess að yfirvöld grípi strax það tækifæri sem gefst þegar fyrstu vísbendingar eða upplýsingar berast lögreglu eða öðrum um mögulegt heimilisofbeldi og fylgi málunum eftir með virkum hætti með því að halda einmitt glugganum opnum. Ég er sannfærður um að þessi aðferðafræði muni breiða úr sér til annarra lögreglu-

liða og sveitarfélaga á landinu, en lykillinn að þessum góða árangri er einmitt virkt og öflugt samstarf þar á milli.

„Aukið jafnrétti er án efa áhrifaríkasta leiðin til þess að takast á við heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi.“

Sérstakt ákvæði í hegningarlög

En þrátt fyrir sterkan og góðan vilja yfirvalda til þess að takast á við þennan vanda er ekkert eitt úrræði sem dugar til að leysa þennan vanda og brjóta upp langvarandi ofbeldissambönd. Hluti af þeim vanda sem lögregla og ákærvald býr við á þessu sviði

er að skýran lagagrundvöll þarf til þess að fylgja málum eftir í andstöðu við vilja brotþola. Heimilisofbeldi getur í dag fallið undir mismunandi ákvæði hegningarlaga, eftir því hvort um er að ræða hótunarbrot, ofbeldisbrot, húsbrott og fleira. Sum af þessum brotum eru þess eðlis að kæra brotþola og refsikrafa er forsenda þess að unnt sé að rannsaka málið og setja það í ákærumeðferð. Í norskum lögum er heimilisofbeldi skilgreint sem sérstakt og sjálfstætt brott og er það mat fræðimanna og lögregluyfirvalda að slíkt ákvæði hafi jákvæða þýðingu í baráttunni gegn heimilisofbeldi og meðferð slíkra mála hjá lögreglu og ákærvaldi. Það er vel þess virði að skoða hvort slíkt ákvæði gæti ekki hjálpað hér á landi í baráttunni við heimilisofbeldi.

Jafnrétti á öllum sviðum er leiðin

Aukið jafnrétti er án efa áhrifaríkasta leiðin til þess að takast á við heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi. Meðan

unnið er að því verkefni að jafna hlut kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins og draga þannig úr ofbeldi þarf lögreglan og aðrir þeir sem að þessum málum koma að vera vakandi fyrir því að benda öllum þeim sem mögulega búa við ofbeldi á þá möguleika sem til staðar eru til að stöðva það. Við þurfum bæði að opna glugga og halda þeim opnum, þar á meðal að ná sambandi við þá einstaklinga sem ekki búa við sterkt tengslanet hér á landi eins og við á um konur af erlendum uppruna í mörgum tilvikum. Fyrirsögn þessa pistils er framandi fyrir þá sem ekki tala pólsku en gæti vakið athygli einhvers sem talar pólsku og býr við ofbeldi. Hér til hliðar eru tenglar sem vísa fólki á frekari upplýsingar á þremur tungumálum um hvert unnt er að leita í slíkum tilvikum.



Smelltu til að skoða kynningar-
bæklinginn Býrð þú við ofbeldi?



Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á www.unicef.is





Í hópi á Helgafellið

Meðan sumir sofa kjósa aðrir að ganga á fjöll á sunnudögum. Hér er sagt frá hópi fólks sem tekur þátt í átakinu Eitt fjall á viku á vegum Ferðafélags Íslands.

ÚTIVIST

Páll Ásgeir Ásgeirsson
Leiðsögumaður



Deildu með
umheiminum

Manni standa margir kostir til boða á venju-
legum sunnudagsmorgni. Hinn augljósasti
þeirra er að sofa og safna kröftum eftir
erfiða vinnuviku. Undir hádegi er maður
úfinhærður og geispandi í sófahorni horf-
andi á Gísla Marteinn enn í náttfötunum með mylsnuna af
dögurðinum sem einn flekk yfir sér. Ekkert athugavert við
það en til er annað líf.

Á sunnudegi í miðjum janúar jöfnu báðu milli mið-
morguns og hádegis er ekki orðið reglulega vel bjart á
Íslandi. Rétt fyrir klukkan tíu safnast lítill hópur af fólki



saman við húsakynni Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6. Það er komið að fjallgöngu númer þrjú í verkefninu Eitt fjall á viku, eða 52 fjöll eins og þetta er oftannis kallað.

Förinni er heitið á Helgafell sunnan við Hafnarfjörð og þar hefst gangan, en hingað í Mörkina koma fararstjórar og þeir sem vilja stunda umhverfisvænan ferðamáta, safnast saman í bíla, draga úr mengun og kynnast öðrum þátttakendum. Þetta eru fyrstu skrefin á langri leið og hópurinn á eftir að hittast einu sinni í viku í heilt ár og takast saman á við erfið verkefni og eins gott að átta sig sem fyrst á því hverjir ferðafélagar manns eru.

Fararstjórar halda því fram að fyrirmynd þeirra í stund-

vísi sé þýsku járnbrautirnar, Deutsche Bundesbahn. Um leið og stóri vísirinn snertir tólf skríður lítil halarófa bíla yfir á Miklubraut og heldur á vit rísandi sólar í Hafnarfirði.

Það er alltaf ös á bílastæðinu við Kaldársel þar sem fjallgangan á að hefjast því þetta er ekki eini hópurinn sem stefnir á Helgafellið á þessum sva og stillta sunnudegi. Helgafellið er eitt fjölsóttasta fjall í nágrenni Reykjavíkur. Af bíla-

stæðinu eru rúmlega þrír kílómetrar upp á topp fjallsins og má segja að leiðin skiptist í hreina sléttlendisgöngu lengi framan af en síðan bratta slóð upp hlíðar hins helga fells á toppinn.

Það er að mörgu að hyggja og fararstjórar messa yfir hópnum um skráningarfresti, tilboðskvöld í útivistarþúfum, búnað á göngunni og eitt og annað. Á maður að vera með brodda eða ekki með brodda? Á maður að vera mikið eða lítið klæddur? Hvernig er best að stilla göngustafina? Tókst þú ekki hitabrusann?

Sæll og blessaður frændi?

Svo silast hópurinn af stað masandi og skrafandi. Eins og allir þekkja tekur yfirleitt ekki langan tíma fyrir tvo

„Þetta eru fyrstu skrefin á langri leið og hópurinn á eftir að hittast einu sinni í viku í heilt ár og takast saman á við erfið verkefni og eins gott að átta sig sem fyrst á því hverjir ferðafélagar manns eru.“



Íslendinga sem hittast að rekja sig saman til frændsemi, sameiginlegrar reynslu, vina eða einhvers sem þeir eiga sameiginlegt. Fararstjórar ganga fremst og aftast og hafa samskipti sín á milli gegnum talstöðvar. Það má enginn fara fram úr þeim sem fremst gengur því eins og góði dátinn Svejk sagði forðum þá verður að vera agi í herbúðunum.

Hópurinn er þversnið af íslensku samfélagi. Þarna er fóthvatur sjóari, þarna er hámenntaður læknir, þarna er þjóðþekktur leikari, skáld sem hefur fengið fálkaorðu, forritari, ljósmóðir, blaðamaður, skrifstofufólk og smiðir. Aftast gengur stúlka sem vinnur á skrifstofu Ferðafélagsins ásamt hundinum Bronco. Hann er í grænu vesti og með ól því fyrir æsku sakir er hann hvatvís og ákafur.

Á miðri leið er áning og Rósa Sigrún Jónsdóttir heldur stutt erindi um jarðfræði, nánar tiltekið um myndun móbergsfjalla, enda er Helgafellið dæmigert fjall af þeirri gerð og stendur þarna eins og hvert annað kennslugagn umlukið hraunum sem flætt hafa ofan úr Bláfjöllum. Göngumenn hlusta af áhuga enda storknuð hrauntjörn fram undan og einhvers staðar undir fótum okkar rennur grunnvatnsstraumur ofan úr fjöllum sem heitir Kaldá þegar hann kemur upp úr hrauninu og hefur séð Hafnfirðingum fyrir vatni frá byrjun 20. aldar.

Helgafellin sjö og fleira gott

Þegar fyrsti bratti áfanginn er að baki staldra göngumenn við, blása mæðinni og virða fyrir sér síbreytilegt útsýnið. Í fjarska skín morgunsólin og roðar Esju, Skálafell, Botnsúlur og Skjaldbreið en nær okkur rís Húsfellið eins og lítill steinskjaldbaka í hrauninu. Húsfellið mun vera hæsta fjall í Garðabæ.

Á toppi Helgafells setjast göngugarpar niður. Fararstjórar rekja fjallahringinn og nöfn á helstu kennileitum. Flestir tindar eru þessum hópi ógengnir enn en gaman verður að horfa yfir hringinn í haust hugsa menn með sér og tylla sér í skjól með heitt á brúsa og smurt í boxi.

Svo stígur Brynhildur Ólafsdóttir fararstjóri á stökk



1. þáttur

Lengd: 0:57

Athugið að tækið þarf að vera nettengt svo að hægt sé að spila myndbandið.

eða stein og heldur lærdan fyrirlestur um hin sjö Helgafell landsins og hugsanlega merkingu nafnsins á fjallinu.

Svo skundar hópurinn af stað ofan fjallið aftur skvaldrandi og masandi. Gera þarf sérstakan stans á miðri leið til þess að taka hópmynd sem talin er valda straumhvörfum í hópmyndatökum af fjallgönguhópum.

Þegar við komum aftur niður af Helgafellinu og göngunni lýkur við Kaldársel þekkjast mjög margir í hópnum örlítið betur en í upphafi ferðar. Þeir hafa eignast saman minninguna um það þegar við gengum á Helgafellið enn með svolítinn glímuskjálfta því þegar þrjú fjöll eru búin eru 49 enn eftir. En þessi minning um skemmtilega göngu í fallegu veðri sem frískar andann og liðkar skrokkin er hluti af því lími sem kannski á eftir að halda einhverjum úr þessum hópi saman um ókomna tíð.

Hópurinn gerir saman teygjuæfingar sér til heilsubótar og svo kveðjast allir með gleðibragði því eitt af því sem er svo ólíkt með fjallgöngum og öðrum samkomum er að á fjöllum eru allir jafnir og enginn getur sýnst vera mikið öðruvísi en hann er. Það svitna allir jafnt hvað sem stendur við nafnið þeirra í símaskránni og allir eru jafnrétt háir fyrir guðum fjallanna og náttúrunni.

APPIG

Einar Ben
Hugmyndasmiður
„Samsung Note 3“



SPOTIFY

Ég get
bara ekki
lifað án þess

að stjórna á hvað ég
hlusta. Tónlist blæs lífi í
lífið, kemur góðum hug-
myndum af stað og gerir
allt skemmtilegra.



TRELLO

Dagbókin
og verkefni
dagsins,

hata að vita ekki
nákvæmlega hvað ég á
að vera að gera, hvar og
með hverjum. Bjargar
mér frá því að verða grá-
hærður of snemma.



FACE-BOOK

Ég er bara
svo mikill

unglingur í mér. Plús að
ég elska að spama land
og þjóð með myndum
af frumburðinum.
#sorrymeðmig

TÆKNI Samsung NX300-myndavélin lítur út fyrir að vera áratugagömul


NX300-myndavélin frá Samsung
hefur allt sem góð myndavél þarf
að búa yfir, einstök myndgæði og
góða tæknilega eiginleika, svo sem
mikil gæði á nærmyndum og einnig
í myndatöku á hreyfingu. Það sem
helst hefur heillað notendur þessa
skemmtilega tækis er samt einstakt
gamaldags útlitið. Hún lítur út
fyrir að vera áratugagömul en ekki
nýjasta nýtt.



BEINT Í MARK

Super Bowl-auglýsingarnar

Super Bowl-leikurinn sem fram fór á dögunum var með mesta áhorf í sögu Bandaríkjanna. Margir stilla bara inn til þess að sjá auglýsingarnar enda fást dýr-ustu auglýsingapláss í heimi í tengslum við leikinn. Þar kosta 30 sekúndur heilar 464.000.000 kr.




Jaguar

Hefur þú tekið eftir að Bretar leika oftast skúrinn í Hollywood-myndum? Af hverju ætli það sé? Hér má sjá Tom Hiddleston, Ben Kingsley and Mark Strong svara þeirri spurningu.

Chrysler

Skýr skilaboð frá Bob Dylan í þessari háðramatísku Chrysler-auglýsingu. Leyfum Þýskalandi að búa til bjórinn og leyfum Asíu að setja saman farsímana okkar en látum Ameríku búa til bílana.



Dannon Oikos

Hver elskar ekki Bob Saget? Hér er hann mættur með tveimur félögum sínum úr gamanþáttunum Full House sem sýndir voru á níunda áratugnum. Í þetta skiptið eru þeir að auglýsa jóguurt.

Doritos

Doritos hefur verið áberandi undanfarin ár með skemmtilegar og frumlegar auglýsingar í tengslum við Super Bowl. Kjarninn í þessari auglýsingu er snakk og tímaflakk.



Axe

Hér er á ferðinni mjög metnaðarfull og áhrifarík auglýsing frá Axe. Tengingin við svitalyktareyði er ef til vill langsótt en skilaboðin eru góð.

Phillip Seymour Hoffman 1967–2014

Leikarinn og leikstjórinn Philip Seymour Hoffman lést sðastliðinn sunnudag 46 ára að aldri eftir að hafa tekið of stóran skammt af heróíni á heimili sínu á Manhattan í New York, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu í New York. Hann hafði glímt við eiturfjafíkn frá unga aldri en haldið sér edrú í meira en tuttugu ár þar til hann féll í fyrra. Hann fór í meðferð 22 ára gamall eftir hafa verið hætt kominn vegna neyslu.

Hoffman var einn allra virtasti leikari kynslóðar sinnar og þótti með allra bestu karakterleikurum sem komið hafa fram á sjónarsviðið. Peter Sellers, sem leikstýrði Hoffman á sviðum leikhúsa á Broadway, sagði í viðtali við LA Times eftir að fréttir af láti Hoffmans spurðust út að hann hefði verið einstakur, ótrúlegur hæfileikamaður. Hann hefði alltaf gefið allt sem hann átti í hlutverk sín og búið yfir næmni sem fá dæmi ef nokkur voru um. „Þetta gerði hann að einum mesta og besta sviðsleikara sinnar kynslóðar og jafnvel allra tíma,“ sagði Sellers.

Hoffman lék afar fjölbreytt hlutverk í kvikmyndum á ferli sínum, en hann fékk Óskars-verðlaun árið leik sinn í Capote árið 2005. MH



Boogie Nights
1997



The Big Lebowski
1998




Capote
2005



Charlie Wilson's War
2007



The Master
2013



Offita, hass og brennivín

Dóri DNA skrifar um að fasismi tíðarandans sé stundum svo nálægur að hann finni lyktina af honum

Örlítið meira um tíðarandann. Við erum alveg búin að pakka reykingafólki saman. Þeir sem reykja eru meira að segja litnir hornauga þegar þeir reykja utandyra. Fólk grettir sig og baðar höndunum um eins og viftu þegar það gengur framhjá fólki að reykja. Þetta er bæði óhollt og ógeðslegt og erfitt að ímynda sér það óhreina þjóðfélag sem eitt sinn umbar þessa vitleysu.

Þetta þykir ekki einu sinni töff lengur, sem er kannski ruglaðasta skynvillan.

Fáum lýðheilsu á heilann

Og nú er kominn tími á að hreinsa upp eitthvað annað sem er óhollt og ógeðslegt – offitu. Byrjum á því að fá lýðheilsu algjörlega á heilann. Borðum eins og hellisbúar, hlaupum eins og steinaldarmenn, öskrum eins og risaeðlur. Engin kolvetni, ekki ef þú ert feitur að minnsta kosti. Sleppum því

að borða tvo daga vikunnar. Meistaramánuður – vertu besta útgáfan af sjálfum þér. Crossfit, bootcamp, víkingaprek – allt gott og blessað. Þangað til við förum að tala um feitt fólk eins og það eigi bág. Tölum við það eins og það sé sjúklingar. Göngum svo skrefið til fulls og stofnum útrýmingarbúðir fyrir feitt fólk og sjónvörpum aftökunum á Skjá einum á fimmtudagskvöldum.

Það er allt of stutt síðan sjónvarpsþáttur eins og The Biggest Loser var bara eitthvað sem jafn sturlað þjóðfélag og Ameríka gat tekið upp á. Skemmtilega úrkynjað samfélag þetta nýja Ísland. Svo í næsta skrefi gerum við feitt fólk brott-

rækt úr flugvélum, erum þegar byrjuð að ýja að því að það eigi að borga dýrari farmiða. Svo bönnum við það frá veitingastöðum, með einum eða öðrum hætti. Þetta fólk getur alveg verið feitt utandyra, eða jafnvel bara verið feitt heima hjá sér þar sem það truflar engan með hvað það lifir óhollum og ógeðslegum lífsstíl.

Fasismi lyktar eins og búningasklefi í World Class

Stundum er fasisminn svo nálægur að maður finnur lyktina af honum. Lyktar eins og búningasklefi í World Class. Ég er feitur, en

ég er fallegur og umfram allt er ég kynþokkafullur. Hefur séra Helgi Björnsson ekki kennt okkur neitt?

Mig langar svo að vita hvar við stöndum á kannabisefnum í raun og veru. Sem samfélag. Allir sem ég þekki hafa reykt kannabis. Enginn sem ég þekki hefur orðið meint af. Við þurfum ábyrgari fræðslu um öll þessi efni. Handónýtt að segja að hass sé aulagas, að skakkur strákur hafi einu sinni grillað köttinn sinn og allt þetta jafningafræðslu (jafningja-HRÆÐSLU)-kjaftæði, svo þegar fólk kemst loks í þetta þá bara flissar maður og hefur gaman af. Það þarf að kenna fólki að taka ábyrgð á lífi sínu og gjörðum, ekki bara hræða það frá morgni til kvölds.

„Handónýtt að segja að hass sé aulagas, að skakkur strákur hafi einu sinni grillað köttinn sinn og allt þetta jafningafræðslu (jafningja-HRÆÐSLU)-kjaftæði.“



Gæti verið að MDMA-faraldurinn í miðborg Reykjavíkur tengist kannski líttilega því misræmi upplýsinga um MDMA sem annars vegar SÁÁ gefur og hins vegar bara hefðbundin Google-leit.

Það er komið nóg í stríðinu gegn skynseminni. Umræðan um fíkniefni verður að hætta að snúast um með eða á móti. Hún snýst um orsök og afleiðingu. Sá sem vill lögleiða kannabisefni er ekki hasshaus, heldur mannvínur.

„Þangað til við förum að tala um feitt fólk eins og það eigi bágt. Tölum við það eins og það sé sjúklingar. Göngum svo skrefið til fulls og stofnum útrýmingarbúðir.“

Minnihlutinn ræður

En ég meina sénsinn að það verði á einhvern hátt stigið framfaraskref í þessum efnum. SÁÁ er yfirvaldið. Íslensku samfélagi verður alltaf stýrt af minnihlutanum sem brenndi sig, ekki meirihlutanum sem gerði það ekki. Þúsund manna diskótek, allir að dansa, einn rak sig í og allir voru sendir heim.

Og við sem teljum það ekkert óeðlilegt að kaupa bjór og lettvín í matvöruverslunum og jafnvel vodka-flösku í búðinni á horninu erum geðbiluð.

En ég meina árið 2014 er það virkilega hlutverk ríkisins að selja okkur áfengi? Kannski er þetta pólitískt no-no. Síðast þegar átti að ræða þetta á þingi var það á svo óviðeigandi stundu að það varð allt vitlaust, eðlilega. En núna þegar við erum öll á sömu bláðsíðunni, í nýja tíðarandanum. Þegar við sjáum skýrt og greinilega að nýtt samfélag er að verða til, er þá ekki einmitt tíminn til að ræða akkúrat þetta – í nafni nútímans og umburðarlyndis. Því ég held að við séum ekki nógu kristin til að vera svona forpokuð, of menntuð til að vera svona þröngsýn og allt of sexí til að vera svona asnaleg.